# SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1964

REYKJAVÍK 1965

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F.

# EFNISYFIRLIT

Bls.

**Skýrsla bankastjórnar** .......... **5**

1. Þróun efnahagsmála

Inngangur .......... 5
Greiðslujöfnuður og gjaldeyrisstaða .......... 5
Peningamálin .......... 8
Ástand og horfur .......... 12

2. Starfsemi Seðlabankans

Stjórn bankans .......... 19
Lagabreyting .......... 20
Innlend fjáröflun og fjárfestingarlánamál .......... 20
Innstæðubinding .......... 21
Vextir við innlánsstofnanir og Seðlabankann .......... 21
Ávísanamál og ýmis mál varðandi bankakerfið .......... 27
Reikningshreyfingar .......... 27
Rekstur og hagur .......... 29
Seðlavelta .......... 30
Gengisskráning .......... 31
Stofnlánadeild sjávarútvegsins .......... 31
Bankaeftirlitið .......... 31
Ríkisábyrgðasjóður .......... 34

**Reikningar 1963** .......... **37**

Seðlabanki Íslands

Bankastjórn .......... 46
Bankaráð .......... 47
Helztu starfsmenn .......... 48

# SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

## 1. Þróun efnahagsmála

*INNGANGUR.* Þjóðarframleiðsla Íslendinga hélt áfram að vaxa tiltölulega ört á árinu 1964. Samkvæmt lauslegum bráðabirgðaáætlunum Efnahagsstofnunarinnar er talið, að aukningin hafi numið 5—6% miðað við árið áður. Árið 1963 var aukningin 7% og 8% árið 1962. Þjóðarframleiðslan hefur því vaxið um rúman fimmtung á síðustu þremur árum.

Framleiðsluaukningin á árinu átti að langmestu leyti rætur sínar að rekja til meiri sjávarafla og fiskvinnslu. Heildaraflinn varð hinn mesti í sögu þjóðarinnar eða 972 þús. tonn á móti 783 þús. tonnum 1963. Mestur hafði aflinn áður orðið 832 þús. tonn árið 1962. Aukningin varð bæði á þorskafla á vetrarvertíð og á síldarafla. Góður markaður var fyrir sjávarafurðir og útflutningur jókst mjög. Árið 1963 varð aukning framleiðslu langmest í iðnaði, einkum í byggingariðnaði, en nú mun tiltölulega lítil framleiðsluaukning hafa orðið þar. Framleiðsla landbúnaðarafurða mun og lítið hafa aukizt, en hins vegar varð aukning á bústofni.

Verðlag á útflutningsafurðum fór hækkandi á árinu og var hagstætt, eins og yfirleitt hefur verið að undanförnu. Munu verzlunarkjörin hafa batnað, þrátt fyrir nokkra hækkun á verði innfluttra vara. Þjóðartekjur hækkuðu því nokkru meira en þjóðarframleiðslan.

Efnahagslífið færðist nokkuð í jafnvægisátt, eftir því sem á árið leið, og voru það mikilvæg umskipti eftir ofþenslu ársins 1963. Einkum varð mikilvæg breyting á sviði kaupgjalds og verðlags, en jafnframt dró heldur úr spennunni á vinnumarkaðnum. Fjárfesting, önnur en í innfluttum skipum og flugvélum, varð álíka mikil og árið áður, en hafði þá stóraukizt. Aukning neyzlu var innan eðlilegra takmarka eða um 6%. Átti allt þetta, ásamt hinni miklu aukningu útflutningsframleiðslunnar, sinn þátt í því, að afkoma þjóðarbúsins út á við batnaði verulega á árinu. Á móti kemur svo það, að innlendur tilkostnaður hefur enn hækkað og hvílir nú allþungt á útflutningsframleiðslunni og annarri framleiðslu, sem keppir við innflutning án verulegrar verndar.

Verður nú þróun efnahagsmála rakin nokkru nánar, einkum þeir þættir, sem tengdir eru starfsemi Seðlabankans, en það eru gjaldeyrismál og peningamál.

*GREIÐSLUJÖFNUÐUR OG GJALDEYRISSTAÐA.* Á árinu 1964 varð mjög mikil aukning á utanríkisviðskiptum Ís-




lendinga. Heildarverðmæti útflutningsins jókst um 733 millj. kr. miðað við árið áður eða um rúm 18%, og jafnframt jukust birgðir útflutningsafurða í landinu um 86 millj. kr. Innflutningur jókst heldur örar en útflutningur, og nam heildaraukningin 933 millj. kr., sem er tæplega 20% aukning. Meiri hluti þessarar aukningar innflutningsins er vegna skipa og flugvéla, því að heildarverðmæti annars innflutnings jókst ekki nema um rúm 8% á árinu 1964.

Samkvæmt skýrslum Hagstofunnar var vöruskiptajöfnuðurinn á árinu 1964 óhagstæður um 874 millj. kr., en á árinu 1963 var hann óhagstæður um 674 millj. kr. Í þessum tölum er verðmæti útflutnings reiknað f.o.b., en verðmæti innflutnings c.i.f. Þótt þetta sé almenn venja, gefur það ekki réttan samanburð, þar sem í innflutningstölum eru innifalin flutningsgjöld, tryggingar og annar kostnaður. Sé bæði inn- og útflutningar reiknaðar á f.o.b.-verði, kemur í ljós, að vöruskiptajöfnuðurinn hefur verið óhagstæður um 375 millj. kr. á árinu 1964, en var á sama hátt reiknaður óhagstæður um 260 millj. kr. 1963. Vöruskiptajöfnuðurinn í heild hefur þannig orðið rúmum 100 millj. kr. óhagstæðari 1964 en árið áður. Hins vegar er þess að gæta, að innflutningur skipa og flugvéla nam alls 950 millj. kr., og nam aukningin á árinu 570 millj. kr., enda fór saman bæði mikill innflutningur fiskiskipa og að keyptar voru til landsins tvær stórar farþegaflugvélar að verðmæti 436 millj. kr. Ef borin er saman vöruskiptajöfnuður árin 1964 og 1963 án skipa- og flugvélainnflutnings



kemur í ljós, að jöfnuðurinn varð rúmlega 450 millj. kr. hagstæðari 1964 en árið áður.

Enn sem komið er, liggja aðeins fyrir lauslegar áætlanir um greiðslujöfnuðinn í heild á árinu 1964, en samkvæmt þeim hefur viðskiptajöfnuður á vörum og þjónustu verið óhagstæður á árinu um nálægt 300 millj. kr. Er þetta heldur lakari afkoma en á árinu 1963, en þá reyndist greiðslujöfnuðurinn samkvæmt lokaskýrslum óhagstæður um 220 millj. kr. Hinn óhagstæði jöfnuður á árinu 1964 á hins vegar rætur að rekja til hins óvenjumikla innflutnings skipa og flugvéla, sem var, eins og áður er sagt, 570 millj. kr. meiri 1964 en árið áður, og rúmlega 600 millj. kr. meiri en árlegur meðalinnflutningur skipa og flugvéla sl. tíu ár. Ef hinum tveimur stóru farþegaflugvélum væri sleppt úr innflutningstölunum, myndi það eitt meira en vega upp heildarhalla viðskiptajafnaðarins á árinu.

Þrátt fyrir halla á heildarviðskiptunum við útlönd, batnaði gjaldeyrisstaða bankanna um 281 millj. kr. á árinu,







og nam nettógjaldeyriseign bankanna 1.593 millj. kr. í árslok 1964. Mismunurinn á þróun gjaldeyrisstöðunnar annars vegar og þróun greiðslujafnaðarins hins vegar nam því 500—600 millj. kr., og stafar meginhlutinn af því, hve mikið var notað af erlendu lánsfé umfram afborganir, en að nokkru af ýmsum stuttum fjármagnshreyfingum. Erlendar lántökur til eins árs eða lengri tíma námu alls 918 millj. kr., þar af voru lán einkaaðila um 761 millj. kr., sem voru að langmestu leyti vegna skipa- og flugvélakaupa, en lántökur opinberra aðila námu um 157 millj. kr. Endurgreiðslur af sams konar lánum námu alls um 408 millj. kr., þar af 187 millj. kr. af lánum einkaaðila, en 221 millj. kr. af opinberum lánum. Erlend lán einkaaðila hækkuðu því um 574 millj. kr., en opinber lán lækkuðu um 64 millj. kr., og hækkuðu heildarskuldir þjóðar-




búsins til langs tíma þannig um 510 millj. kr. Stutt erlend vörukaupalán lækkuðu um 78 millj. kr. á árinu 1964. Á árinu 1960 var notkun slíkra lána fyrst almenn, og fór notkun þeirra vaxandi fram á árið 1963, en í september það ár voru settar nokkrar takmarkanir og strangari reglur um notkunina til þess að draga úr áhrifum þeirra innan lands. Á miðju ári 1964 voru settar enn frekari takmarkanir um notkun á greiðslufresti, með því að bætt var við allmörgum vörutegundum, sem óheimilt er að flytja inn með greiðslufresti.

*PENINGAMÁLIN.* Gagnkvæm áhrifatengsl eru á milli þróunar peningamála og annarra meginþátta efnahagsmálanna, svo sem framleiðslu, fjárfestingar, utanríkisviðskipta og verðlags. Hér að framan hefur verið drepið á hina hagstæðu þróun í þessum efnum á árinu, og endurspeglast hún á sviði peningamálanna í mun hagstæðara hlutfalli milli útlána og innlána bankanna, rýmri lausafjárstöðu almennings, fyrirtækja og banka og vaxandi gjaldeyrisvarasjóði. Er þróun peningamálanna í flestum atriðum hagstæðari en árið áður og svipar til áranna 1961 og 1962, nema að því er varðar viðskipti ríkissjóðs við Seðlabankann. Verður nú rætt um helztu þætti peningamálanna.

Staða á innlendum reikningum við Seðlabankann batnaði um rúmar 200 millj. kr. á árinu 1964, og var það að mestu leyti að þakka batnandi stöðu banka og annarra peningastofnana. Á hinn bóginn versnaði staða ríkissjóðs um nær 170 millj. kr. Þessu var gagnstætt farið árið áður, en þá batnaði staða ríkissjóðs verulega, en staða banka og annarra peningastofnana versnaði. Helztu hreyfingar á viðskiptum bankakerfisins voru sem hér segir:



## 1. tafla. Gjaldeyrisstaða bankanna.

| Í millj. kr. | Erl. bankar verðbréf og mynt, nettó (1) | Erlendir víxlar nettó (2) | Skuld við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (3) | Skuld við Evrópusjóðinn (4) | Staða í frjálsum gjaldeyri samtals (5) | Staða í vöruskiptagjaldeyri (6) | Gjaldeyrisstaða samtals: Skv. gengi á hverjum tíma (7) | Gjaldeyrisstaða samtals: Umreiknað skv. núverandi gengi (8) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Árslok 1956 .. | 67,5 | 27,9 | — | — | 95,4 | ÷33,4 | 62,0 | 163,9 |
| — 1957 .. | 10,0 | 22,4 | — | — | 32,4 | ÷17,8 | 14,6 | 38,4 |
| — 1958 .. | 100,9 | 7,3 | — | — | 108,2 | ÷21,7 | 86,5 | 228,5 |
| — 1959 .. | ÷ 46,4 | 6,0 | — | — | ÷ 40,4 | ÷14,0 | ÷54,4 | ÷143,8 |
| — 1960 .. | 502,0 | 25,4 | ÷260,3 | ÷266,0 | 1,1 | 111,2 | 112,3 | 126,9 |
| — 1961 .. | 1.066,0 | 11,3 | ÷294,6 | ÷215,0 | 567,7 | ÷41,1 | 526,6 | 526,6 |
| 1962: | | | | | | | | |
| Janúar .... | 1.010,7 | 41,7 | ÷294,6 | ÷107,5 | 650,3 | ÷63,4 | 586,9 | 586,9 |
| Febrúar ... | 1.031,4 | ÷ 27,7 | ÷294,6 | — | 709,1 | ÷70,0 | 639,1 | 639,1 |
| Marz ...... | 1.135,5 | ÷ 33,6 | ÷294,6 | — | 807,3 | ÷20,2 | 787,1 | 787,1 |
| Apríl ...... | 1.220,0 | ÷ 43,8 | ÷294,6 | — | 881,6 | 19,6 | 901,2 | 901,2 |
| Maí ....... | 1.223,1 | ÷ 31,9 | ÷294,6 | — | 896,6 | 66,9 | 963,5 | 963,5 |
| Júní ....... | 1.178,9 | ÷ 96,2 | ÷208,6 | — | 874,1 | 37,8 | 911,9 | 911,9 |
| Júlí ....... | 1.145,2 | ÷110,3 | ÷208,6 | — | 826,3 | 3,8 | 830,1 | 830,1 |
| Ágúst ..... | 1.209,1 | ÷114,9 | ÷208,6 | — | 885,6 | ÷ 6,6 | 879,0 | 879,0 |
| September . | 1.076,2 | ÷120,7 | ÷122,6 | — | 832,9 | ÷16,6 | 816,3 | 816,3 |
| Október ... | 1.148,2 | ÷134,2 | ÷122,6 | — | 891,4 | 41,5 | 932,9 | 932,9 |
| Nóvember . | 1.217,0 | ÷125,0 | ÷122,6 | — | 969,4 | 41,3 | 1.010,7 | 1.010,7 |
| Desember . | 1.381,9 | ÷147,3 | ÷122,6 | — | 1.112,0 | 38,0 | 1.150,0 | 1.150,0 |
| 1963: | | | | | | | | |
| Janúar .... | 1.323,9 | ÷114,5 | — | — | 1.209,4 | ÷26,5 | 1.182,9 | 1.182,9 |
| Febrúar ... | 1.315,4 | ÷137,5 | — | — | 1.177,9 | 14,4 | 1.192,3 | 1.192,3 |
| Marz ...... | 1.341,6 | ÷139,1 | — | — | 1.202,5 | 24,3 | 1.226,8 | 1.226,8 |
| Apríl ...... | 1.362,2 | ÷148,9 | — | — | 1.213,3 | 53,5 | 1.266,8 | 1.266,8 |
| Maí ....... | 1.447,1 | ÷160,1 | — | — | 1.287,0 | 134,4 | 1.421,4 | 1.421,4 |
| Júní ....... | 1.313,4 | ÷161,0 | — | — | 1.152,4 | 103,6 | 1.256,0 | 1.256,0 |
| Júlí ....... | 1.210,0 | ÷155,0 | — | — | 1.055,0 | 146,5 | 1.201.5 | 1.201,5 |
| Ágúst ..... | 1.142,5 | ÷117,8 | — | — | 1.024,7 | 105,7 | 1.130,4 | 1.130,4 |
| September . | 1.131,8 | ÷126,7 | — | — | 1.005,1 | 76,8 | 1.081,9 | 1.081,9 |
| Október ... | 1.194,9 | ÷116,1 | — | — | 1.078,8 | 75,3 | 1.154,1 | 1.154,1 |
| Nóvember . | 1.257,3 | ÷123,3 | — | — | 1.134,0 | 70,8 | 1.204,8 | 1.204,8 |
| Desember . | 1.357,3 | ÷131,6 | — | — | 1.225,7 | 85,6 | 1.311,3 | 1.311,3 |
| 1964: | | | | | | | | |
| Janúar .... | 1.367,7 | ÷146,5 | — | — | 1.221,2 | 56,1 | 1.277,3 | 1.277,3 |
| Febrúar ... | 1.444,8 | ÷141,9 | — | — | 1.302,9 | 59,1 | 1.362,0 | 1.362,0 |
| Marz ...... | 1.427,4 | ÷132,8 | — | — | 1.294,6 | 58,7 | 1.353,3 | 1.353,3 |
| Apríl ...... | 1.383,2 | ÷141,3 | — | — | 1.241,9 | 127,6 | 1.369,5 | 1.369,5 |
| Maí ....... | 1.342,2 | ÷158,9 | — | — | 1.183,3 | 138,0 | 1.321,3 | 1.321,3 |
| Júní ....... | 1.316,6 | ÷161,6 | — | — | 1.155,0 | 130,2 | 1.285,2 | 1.285,2 |
| Júlí ....... | 1.336,6 | ÷162,2 | — | — | 1.174,4 | 113,3 | 1.287,7 | 1.287,7 |
| Ágúst ..... | 1.448,6 | ÷163,4 | — | — | 1.285,2 | 72,6 | 1.357,8 | 1.357,8 |
| September . | 1.399,4 | ÷143,0 | — | — | 1.256,4 | 31,2 | 1.287,6 | 1.287,6 |
| Október ... | 1.534,7 | ÷151,7 | — | — | 1.383,0 | 15,5 | 1.398,5 | 1.398.5 |
| Nóvember . | 1.695,9 | ÷130,7 | — | — | 1.565,2 | ÷ 69,6 | 1.495,6 | 1.495,6 |
| Desember . | 1.760,6 | ÷ 98,8 | — | — | 1.661,8 | ÷ 69,0 | 1.592,8 | 1.592,8 |

**Skýringar við 1. töflu.** Allar tölur í töflunni, að undanskildum 8. lið, eru miðaðar við skráð gengi á hverjum tíma, þ. e. tölur frá árslokum 1956 til ársloka 1959 eru miðaðar við skráð gengi fyrir gengisbreytinguna í febrúar 1960, en tölur frá og með árslokum 1961 eru miðaðar við gengi eftir 4. ágúst 1961. Ef umreikna á eldri tölur til núverandi gengis, þarf að margfalda tölur fyrir tímabilið 1956—1959 með 264,1 en með 113,0 fyrir árslok 1960.

1. liður töflunnar sýnir aðstöðu bankanna gagnvart erlendum bönkum, verðbréfaeign, gulleign Seðlabankans, gullframlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, seðla og erlenda mynt.

2. liður sýnir nettóeign bankanna af víxlum og ávísunum, sem greiðast eiga í erlendum gjaldeyri.




Skuldir bankanna vegna endurkaupa á afurðavíxlum hækkuðu um 30 millj. kr., og stafaði sú hækkun af auknum endurkaupum landbúnaðarafurðavíxla. Endurkaup sjávarafurðavíxla stóðu í stað, þrátt fyrir nokkra hækkun birgða útflutningsafurða, enda mun útflutningur hafa greiðzt fyrr en áður. Fyrir utan endurkaupin batnaði staða banka og sparisjóða um 430 millj. kr. og staða fjárfestingarlánastofnana um 47 millj. króna.

Hin stórbætta staða banka og sparisjóða gagnvart Seðlabankanum stafaði bæði af innlánsbindingunni og betri lausafjárstöðu bankanna. Bundnar innstæður í Seðlabankanum jukust um 305 millj. kr. á árinu 1964, og átti sú aukning meginþátt í því að draga úr þensluáhrifum greiðsluhalla ríkissjóðs og hinna stórauknu gjaldeyristekna, jafnframt því sem hún gerði kleift að styrkja frekar stöðu þjóðarbúsins út á við. Lausafjárstaða bankanna var mjög erfið í upphafi ársins eftir þrengingar ársins 1963, en batnaði mjög, eftir því sem á árið leið. Í árslok voru lausar innstæður bankanna 263 millj. kr. og höfðu hækkað um 139 millj. kr. á árinu. Ekki batnaði þó lausafjárstaða allra stofnana, og námu reikningsskuldir og lán gegn verðbréfum samtals 20 millj. kr. í árslok á móti 2 millj. kr. í ársbyrjun.

Staða ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum versnaði verulega á árinu 1964. Breytingin varð aðallega á fyrra helmingi ársins, enda var þá greiddur út meginhluti þeirrar fjárhagsaðstoðar, sem útgerð og fiskvinnslu var veitt úr ríkissjóði vegna kauphækkana í desember 1963. Tekjur þær, sem á móti áttu að koma með hækkun söluskatts úr 3% í 5½%, komu hins vegar ekki inn fyrr en síðar á árinu, en þá bættust jafnframt á ríkissjóð ný



og vaxandi útgjöld vegna stóraukningar á niðurgreiðslum innlends vöruverðs. Alls versnaði staða ríkissjóðs við Seðlabankann um 167 millj. kr. á árinu 1964, og voru það mikil umskipti frá hinum hagstæða jöfnuði, sem verið hafði í fjármálum ríkisins árin á undan.

Allmikil þensla átti sér stað í viðskiptum bankakerfisins á árinu 1964, og jukust útlán, innlán og peningamagn verulega. Hlutfallið milli aukningar útlána annars vegar og innlána hins vegar var hagstætt, og varð þar mikil breyting til batnaðar frá árinu áður. Útlánaaukning banka og sparisjóða á árinu 1964 nam 707 millj. kr., en það er um 12% aukning, sem er nokkru minna en 1963. Aukning spariinnlána nam samtals í bönkum og sparisjóðum 715 millj. kr., og er það svipað og 1963. Meginbreytingin fólst hins vegar í því, að veltiinnlán jukust nú um 314 millj. kr., en höfðu minnkað nokkuð á árinu 1963.







Hið hagstæða hlutfall milli útlána og innlána bankakerfisins, sem þannig skapaðist, kom fram í því, að heildarstaða banka og sparisjóða og annarra innlánsstofnana gagnvart Seðlabankanum batnaði verulega, eins og áður segir, bæði að því er varðar innlánsbindingu og lausafjárstöðu. Það, sem gerði mögulega þessa þróun í viðskiptum bankakerfisins og stöðu þess við Seðlabankann, var útstreymi fjár úr Seðlabankanum vegna greiðsluhalla ríkissjóðs á fyrra hluta árs og vegna gjaldeyriskaupa á síðara hluta ársins, auk meira aðhalds um útlán en árið áður. Allt hefur þetta svo leitt til þess, að peningamagn og önnur greiðslugeta í höndum almennings, fyrirtækja og banka var mun meiri í árslok 1964 en í lok undanfarins árs. Ber það vott um eðlilegra viðskiptaástand, eftir þann verðbólguótta, sem setti svip sinn á síðari hluta ársins 1963.




*ÁSTAND OG HORFUR.* Þegar ársskýrsla Seðlabankans var lögð fram fyrir ári síðan, var grein gerð fyrir þeim erfiðleikum í efnahagsmálum, sem skapazt höfðu vegna verðbólguþróunar á árinu 1963. Allt kaupgjald og verðlag hafði þá hækkað mjög verulega, en það hafði haft í för með sér greiðsluhalla við útlönd, versnandi afkomu útflutningsatvinnuveganna og almennan rekstrarfjárskort. Frumskilyrði þess, að komið yrði í veg fyrir stóráföll í efnahagsmálum þjóðarinnar, virtist því ótvírætt fólgið í því, að áframhaldandi víxlverkanir kaupgjalds og verðlags yrðu stöðvaðar og dregið úr þeirri þenslu, sem þeim hafði verið samfara.

Í þessum efnum náðist mjög mikilsverður árangur á árinu, og var það að verulegu leyti að þakka hinu víðtæka samkomulagi í launamálum, sem gert var í júnímánuði til eins árs, en með því var í fyrsta skipti reynt með heildarsamningum að skapa almennan ramma fyrir launaþróunina í landinu. Í samkomulaginu var gert ráð fyrir tiltölulega hóflegum launahækkunum, sérstaklega miðað við þróun undanfarinna ára, en jafnframt var samið um greiðslu verðlagsuppbótar á laun og víðtækar ráðstafanir í íbúðalánamálum. Eftir hinar öru kaupgjaldshækkanir á árinu 1963 átti samkomulagið verulegan þátt í því að draga úr verðbólguótta og skapa heilbrigðara ástand í efnahagsmálum. Þannig hækkaði vísitala framfærslukostnaðar aðeins um 3% fyrstu níu mánuðina, eftir að samkomulagið var gert, en á jafnlöngum tíma þar á undan hafði hún hækkað um 18%.

Hagstæðari þróun í viðskiptum bankakerfisins, sem nánar er greint frá hér að framan, ásamt betra jafnvægi í verðlagsmálum, hafði veruleg áhrif í þá átt að draga úr hinni síauknu þenslu, sem einkenndi árið 1963. Kom þetta m. a. fram í því, að bæði aukning fjárfestingar og almenns innflutnings færð-



ist í eðlilegra horf en áður, en hvort tveggja jókst á árinu með svipuðum hraða og þjóðarframleiðslan í heild.

Þetta hefði þó hvorugt nægt til þess að koma í veg fyrir efnahagsörðugleika á árinu og versnandi stöðu út á við, ef ekki hefðu einnig komið til óvenjulega hagstæðar ytri aðstæður, en þá fyrst og fremst meiri sjávarafli en dæmi eru til áður hér á landi samfara hækkandi verði á erlendum mörkuðum. Varð þetta til þess, að útflutningstekjur hækkuðu á árinu um 18%, en það gerði þjóðarbúinu kleift að standa undir hinni miklu aukningu eftirspurnar og innflutnings, sem átt hafði sér stað á árinu 1963, án þess að gjaldeyrisstaðan við útlönd versnaði.

Hitt skiptir ekki minna máli, að aukin framleiðsla og hækkandi verðlag létti útflutningsatvinnuvegunum þá byrði, sem á þá hafði verið lögð með stórhækkunum framleiðslukostnaðar innan lands. Þótt launahækkanirnar á árinu 1964 hafi verið tiltölulega hóflegar, einkum miðað við árið áður, munu þær þó hafa numið að meðaltali 5—6%. Við það hefur svo bætzt lenging orlofs, 1% launaskattur og nú nýlega 3% verðlagsuppbót, og er þá hækkun launakostnaðar orðin 10—12% á einu ári. Slík hækkun framleiðslukostnaðar, einkum ofan á hinar gífurlegu hækkanir á árinu 1963, hefði undir venjulegum aðstæðum þegar valdið framleiðslunni stórkostlegum erfiðleikum, enda allmikið umfram mestu aukningu þjóðartekna, sem um hefur verið að ræða undanfarin ár. Það er aðeins hinum óvenjulega góðu aflabrögðum og hagstæða útflutningsverðlagi að þakka, að útflutningsatvinnuvegirnir hafa getað borið þessar byrðar til þessa, án mikilla nýrra erfiðleika.

Engu að síður er ljóst, að ýmsar greinar sjávarútvegsins, svo og þær greinar iðnaðarins, sem lítillar eða engrar tollverndar njóta, hafa þegar tekið á sig svo þungar byrðar, að hætt er við stöðnun eða jafnvel samdrætti í rekstri og uppbyggingu. Því má sízt gleyma, að það eru einmitt þessar greinar atvinnulífsins, sem veitt hafa þjóðarframleiðslunni vaxtarmegin. Og sé vexti þeirra og viðgangi of þröngur stakkur sniðinn, hlýtur það að kippa fótum undan vexti þjóðarframleiðslunnar í heild og þar með úr þeim lífskjarabótum, sem eru markmið allrar efnahagsstarfsemi.

Annað vandamál, sem fyrst fór að bera á að ráði á árinu 1964, er vaxandi greiðsluhalli hjá ríkissjóði. Orsakir hans liggja fyrst og fremst í auknum útgjöldum, þar á meðal vegna hækkandi launa og stóraukinna niðurgreiðslna á vöruverði. Eftir að verðuppbætur á laun voru teknar upp með samkomulaginu í júní, hlaut mjög að þrengja að afkomu ríkisins, þar sem ríkissjóður þurfti þá að taka á sig nýjar byrðar í því skyni að halda niðri verðlagi, jafnframt því sem lítið svigrúm hlaut að verða til þess að hækka skatta á móti, án þess að það kæmi fram í nýjum verðhækkunum. Útgjaldaaukning ríkissjóðs hafði að vísu orðið mjög mikil einnig á árinu 1963, en þá reyndist unnt að mæta henni án greiðsluerfiðleika vegna mikillar tekjuaukningar, enda jókst þá innflutningur og tolltekjur mjög ört. Á árinu 1964 var þróun innflutnings og eftirspurnar eðlilegri, en það hafði hins vegar í för með sér, að tekjur ríkissjóðs hækkuðu minna en áður, jafnframt því sem nýjar byrðar hlóðust á hann, eins og áður segir.

Ekki er nú útlit fyrir, að tekjur ríkis-

sjóðs muni aukast nægilega á þessu ári, til þess að úr þessum greiðsluörðugleikum rakni, nema gerðar séu beinar ráðstafanir til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs eða afla honum nýrra tekna. Þótt slíkt sé hvergi nærri auðvelt, verður það að teljast eitt mikilvægasta verkefni í efnahagsmálum, eins og nú standa sakir, þar sem áframhaldandi greiðsluhalli ríkissjóðs hlýtur að hafa í för með sér vaxandi þensluáhrif og verðbólguhættu.

Eitt meginvandamálið í stjórn efnahagsmála hlýtur ætíð að vera að halda aukningu eftirspurnar innan þeirra marka, sem framleiðslugeta þjóðarbúsins leyfir. Í þessum efnum hefur mjög verið teflt á tæpasta vað hér á landi undanfarin ár, og hefur þar allt lagzt á eitt, miklar launahækkanir, stóraukin fjárfesting og mikil útgjaldahækkun ríkis- og sveitarfélaga. Undir þessu hefur þjóðarbúið aðeins getað staðið vegna óvenjulegrar framleiðsluaukningar í útflutningsatvinnuvegunum og hagstæðra verzlunarkjara. Vart er á það treystandi, að þetta hvort tveggja haldi áfram að þróast á jafnhagstæðan hátt og verið hefur. Um aflabrögð verður að vísu engu spáð, en á hitt er skylt að benda, að ólíklegt er, að útflutningsverðlag hækki neitt að ráði á næstunni, m. a. vegna erfiðara efnahagsástands í ýmsum helztu markaðslöndum Íslendinga. Er nauðsynlegt að hafa þessi sjónarmið öll í huga, þegar mörkuð verður stefna í launamálum og öðrum mikilvægum þáttum efnahagsmálanna á þessu ári.

## *2. tafla. Yfirlitstölur úr reikningum banka og sparisjóða.*

| Í millj. kr. | Peningamagn (seðlar og tékkareikningar) (1) | Sparifé (að frádregnum innstæðum í ávísanabókum) (2) | Mótvirðisfé og geymslufé (3) | Heildarútlán viðskiptabanka og sparisjóða (4) | Lán Seðlab. til ríkissjóðs og fjárfest.l.st. nettó (5) | Gjaldeyrisstaða bankanna (6) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Árslok 1956 ..... | 776,9 | 1.227,8 | 234,5 | 2.463,0 | 150,3 | 62,0 |
| — 1957 ..... | 891,7 | 1.396,6 | 280,1 | 2.744,6 | 167,0 | 14,6 |
| — 1958 ..... | 1.045,8 | 1.570,2 | 325,4 | 3.279,3 | 131,7 | 86,5 |
| — 1959 ..... | 1.154,4 | 1.820,2 | 312,3 | 3.899,0 | 110,2 | ÷ 54,4 |
| — 1960 ..... | 1.125,1 | 2.194,6 | 313,7 | 4.196,7 | 85,7 | 112,3 |
| — 1961 ..... | 1.448,4 | 2.743,2 | 305,8 | 4.547,9 | 344,8 | 526,6 |
| Mánaðarlok 1962: | | | | | | |
| Janúar ....... | 1.483,2 | 2.791,3 | 314,9 | 4.507,8 | 409,7 | 586,9 |
| Febrúar ...... | 1.487,0 | 2.828,4 | 334,7 | 4.538,4 | 418,2 | 639,1 |
| Marz ......... | 1.534,6 | 2.860,9 | 359,0 | 4.549,4 | 415,5 | 787,1 |
| Apríl ......... | 1.672,3 | 2.907,6 | 421,7 | 4.638,3 | 427,8 | 901,2 |
| Maí .......... | 1.733,1 | 2.985,4 | 433,9 | 4.750,0 | 436,3 | 963,5 |
| Júní .......... | 1.679,4 | 3.042,4 | 425,2 | 4.823,5 | 428,2 | 911,9 |
| Júlí .......... | 1.693,1 | 3.100,1 | 422,1 | 4.922,7 | 456,5 | 830,1 |
| Ágúst ........ | 1.732,7 | 3.139,2 | 426,1 | 4.952,6 | 492,5 | 879,0 |
| September ... | 1.823,9 | 3.205,7 | 433,0 | 5.195,6 | 477,6 | 816,3 |
| Október ...... | 1.854,6 | 3.267,3 | 441,4 | 5.239,6 | 500,5 | 932,9 |
| Nóvember .... | 1.813,4 | 3.270,0 | 448,3 | 5.210,5 | 417,7 | 1.010,7 |
| Desember .... | 1.740,0 | 3.514,9 | 462,2 | 5.132,9 | 392,4 | 1.150,0 |
| Mánaðarlok 1963: | | | | | | |
| Janúar ....... | 1.859,3 | 3.589,6 | 477,0 | 5.202,4 | 473,9 | 1.182,9 |
| Febrúar ...... | 1.803,7 | 3.636,8 | 481,5 | 5.247,0 | 435,5 | 1.192,3 |
| Marz ......... | 1.802,4 | 3.662,7 | 432,2 | 5.315,6 | 376,2 | 1.226,8 |
| Apríl ......... | 1.965,4 | 3.690,3 | 442,8 | 5.412,0 | 397,5 | 1.266,8 |
| Maí .......... | 2.006,6 | 3.813,6 | 450,2 | 5.605,4 | 302,5 | 1.421,4 |
| Júní .......... | 1.843,1 | 3.862,5 | 442,7 | 5.738,1 | 238,4 | 1.256,0 |
| Júlí .......... | 1.837,9 | 3.932,2 | 428,5 | 5.850,7 | 249,4 | 1.201,5 |
| Ágúst ........ | 1.827,4 | 3.950,5 | 451,1 | 5.972,6 | 248,7 | 1.130,4 |
| September ... | 1.940,0 | 3.955,6 | 448,5 | 6.134,5 | 270,7 | 1.081,9 |
| Október ...... | 1.908,6 | 3.976,1 | 457,4 | 6.121,4 | 263,4 | 1.154,1 |
| Nóvember .... | 1.908,8 | 3.952,8 | 444,8 | 6.142,3 | 170,9 | 1.204,8 |
| Desember .... | 1.751,0 | 4.239,2 | 400,8 | 5.895,4 | 232,3 | 1.311,3 |
| Mánaðarlok 1964: | | | | | | |
| Janúar ....... | 1.904,1 | 4.259,0 | 385,9 | 5.912,9 | 335,2 | 1.277,3 |
| Febrúar ...... | 1.879,6 | 4.310,8 | 406,3 | 5.947,3 | 315,9 | 1.362,0 |
| Marz ......... | 1.930,7 | 4.326,5 | 397,2 | 5.949,2 | 409,5 | 1.353,3 |
| Apríl ......... | 2.044,6 | 4.401,6 | 374,4 | 6.078,8 | 435,5 | 1.369,5 |
| Maí .......... | 2.150,2 | 4.459,2 | 379,3 | 6.311,1 | 408,2 | 1.321,3 |
| Júní .......... | 2.082,8 | 4.507,0 | 384,7 | 6.324,2 | 491,7 | 1.285,2 |
| Júlí .......... | 2.252,7 | 4.568,1 | 376,8 | 6.489,0 | 575,0 | 1.287,7 |
| Ágúst ........ | 2.203,8 | 4.623,6 | 376,6 | 6.556,1 | 565,3 | 1.357,8 |
| September ... | 2.295,7 | 4.645,5 | 377,8 | 6.700,6 | 588,3 | 1.287,6 |
| Október ..... | 2.381,5 | 4.724,1 | 380,5 | 6.761,9 | 570,1 | 1.398,5 |
| Nóvember ... | 2.316,8 | 4.710,8 | 374,9 | 6.786,7 | 438,9 | 1.495,6 |
| Desember .... | 2.196,0 | 4.998,7 | 368,2 | 6.605,6 | 402,8 | 1.592,8 |

1) Peningamagn: Samanlögð seðlavelta, innstæður í sparisjóðsávísanareikningum og hlaupareikningum viðskiptabanka og sparisjóða að frádregnu geymslufé vegna innflutnings og enn fremur hlaupareikningsinnstæður í Seðlabankanum aðrar en innstæður ríkissjóðs og mótvirði bandarískra vörukaupalána (P.L. 480 lána).
2) Mótvirðisfé og geymslufé: Auk mótvirðisfjár á reikningum Seðlabankans er hér með talið mótvirði bandarískra vörukaupalána og geymslufé vegna innflutnings.
3) Heildarútlán: Sama tala og í 9. dálki 4. töflu.
4) Lán Seðlabanka til ríkissjóðs og fjárfestingarlánastofnana, nettó: Samanlagðar tölur úr 2., 5. og 6. dálki í 3. töflu.
5) Gjaldeyrisstaða bankanna: Sama tala og í 7. dálki í 1. töflu.

## *3. tafla. Úr reikningum Seðlabankans.*

| Í millj. kr. | Seðla-velta (1) | Aðstaða ríkissj. og ríkisstofn. (nettó) (2) | Endur-keyptir víxlar (3) | Aðstaða banka og sparisjóða (nettó) (4) | Aðstaða fjárfest.-lánastofnana (nettó) (5) | Verð-bréf (6) | Mótvirðisfé (7) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Árslok 1956 ..... | 347,9 | ÷ 70,9 | ÷ 416,2 | ÷ 92,7 | ÷ 44,2 | ÷ 35,2 | 190,4 |
| — 1957 ..... | 362,8 | ÷ 76,9 | ÷ 457,8 | ÷ 79,1 | ÷ 46,5 | ÷ 43,6 | 198,1 |
| — 1958 ..... | 407,4 | ÷ 40,8 | ÷ 644,6 | ÷ 74,1 | ÷ 39,1 | ÷ 51,8 | 207,8 |
| — 1959 ..... | 412,2 | 23,2 | ÷ 857,5 | ÷ 83,0 | ÷ 37,9 | ÷ 95,5 | 226,9 |
| — 1960 ..... | 414,0 | 55,4 | ÷ 737,2 | ÷ 76,2 | ÷ 28,8 | ÷ 112,3 | 232,2 |
| — 1961 ..... | 509,9 | 154,6 | ÷ 794,7 | 543,7 | ÷ 297,7 | ÷ 201,7 | 205,2 |
| Mánaðarlok 1962: | | | | | | | |
| Janúar ....... | 451,0 | 88,7 | ÷ 666,6 | 582,7 | ÷ 277,3 | ÷ 221,1 | 214,2 |
| Febrúar ...... | 439,2 | 92,3 | ÷ 585,2 | 617,8 | ÷ 288,8 | ÷ 221,7 | 232,4 |
| Marz ......... | 468,0 | 115,2 | ÷ 594,0 | 699,1 | ÷ 312,0 | ÷ 218,8 | 254,9 |
| Apríl ......... | 478,6 | 94,9 | ÷ 648,3 | 804,4 | ÷ 299,2 | ÷ 223,5 | 306,0 |
| Maí .......... | 515,8 | 94,5 | ÷ 647,4 | 814,2 | ÷ 306,7 | ÷ 224,1 | 328,3 |
| Júní .......... | 527,9 | 117,0 | ÷ 575,4 | 736,8 | ÷ 315,3 | ÷ 229,9 | 327,7 |
| Júlí .......... | 532,2 | 98,1 | ÷ 629,7 | 743,3 | ÷ 327,4 | ÷ 227,2 | 330,1 |
| Ágúst ........ | 535,7 | 60,8 | ÷ 719,0 | 895,5 | ÷ 327,6 | ÷ 225,7 | 344,6 |
| September ... | 583,8 | 65,0 | ÷ 822,3 | 909,0 | ÷ 307,6 | ÷ 238,8 | 358,2 |
| Október ...... | 568,5 | 75,7 | ÷ 798,6 | 962,6 | ÷ 322,2 | ÷ 253,9 | 366,1 |
| Nóvember .... | 563,6 | 143,2 | ÷ 724,8 | 936,2 | ÷ 303,0 | ÷ 257,9 | 367,8 |
| Desember .... | 583,8 | 234,1 | ÷ 682,3 | 1.057,9 | ÷ 331,8 | ÷ 294,6 | 391,2 |
| Mánaðarlok 1963: | | | | | | | |
| Janúar ....... | 540,9 | 167,4 | ÷ 606,0 | 1.113,0 | ÷ 356,2 | ÷ 285,1 | 404,2 |
| Febrúar ...... | 526,2 | 236,6 | ÷ 554,2 | 1.092,2 | ÷ 350,9 | ÷ 321,2 | 406,5 |
| Marz ......... | 561,4 | 284,7 | ÷ 580,8 | 1.088,8 | ÷ 335,6 | ÷ 325,3 | 354,5 |
| Apríl ......... | 577,4 | 269,0 | ÷ 687,3 | 1.196,5 | ÷ 340,3 | ÷ 326,2 | 357,2 |
| Maí .......... | 624,6 | 365,0 | ÷ 726,1 | 1.184,7 | ÷ 321,1 | ÷ 346,4 | 354,7 |
| Júní .......... | 626,4 | 412,2 | ÷ 707,8 | 1.009,8 | ÷ 343,0 | ÷ 307,6 | 351,5 |
| Júlí .......... | 626,6 | 383,6 | ÷ 757,3 | 1.011,0 | ÷ 343,1 | ÷ 289,9 | 335,0 |
| Ágúst ........ | 636,1 | 394,0 | ÷ 825,1 | 964,5 | ÷ 352,5 | ÷ 290,2 | 362,1 |
| September ... | 669,2 | 368,8 | ÷ 927,9 | 1.050,2 | ÷ 349,6 | ÷ 289,9 | 363,7 |
| Október ...... | 653,7 | 368,8 | ÷ 921,3 | 1.081,2 | ÷ 354,4 | ÷ 277,9 | 375,4 |
| Nóvember .... | 646,9 | 415,6 | ÷ 905,8 | 1.075,6 | ÷ 316,7 | ÷ 269,8 | 357,5 |
| Desember .... | 654,4 | 440,7 | ÷ 746,6 | 1.099,4 | ÷ 319,2 | ÷ 353,8 | 330,1 |
| Mánaðarlok 1964: | | | | | | | |
| Janúar ....... | 617,9 | 352,3 | ÷ 614,0 | 1.173,1 | ÷ 334,7 | ÷ 352,8 | 331,9 |
| Febrúar ...... | 611,4 | 374,9 | ÷ 547,2 | 1.163,6 | ÷ 322,4 | ÷ 368,4 | 333,7 |
| Marz ......... | 658,3 | 312,3 | ÷ 621,0 | 1.222,9 | ÷ 353,9 | ÷ 367,8 | 331,8 |
| Apríl ......... | 695,9 | 260,8 | ÷ 726,4 | 1.327,1 | ÷ 330,8 | ÷ 365,5 | 305,9 |
| Maí .......... | 726,9 | 281,8 | ÷ 802,9 | 1.301,1 | ÷ 317,1 | ÷ 372,9 | 301,9 |
| Júní .......... | 723,0 | 187,5 | ÷ 752,6 | 1.337,3 | ÷ 305,4 | ÷ 373,8 | 303,6 |
| Júlí .......... | 776,0 | 87,9 | ÷ 833,1 | 1.399,0 | ÷ 300,4 | ÷ 362,5 | 301,6 |
| Ágúst ......... | 741,6 | 155,8 | ÷ 850,7 | 1.475,5 | ÷ 307,6 | ÷ 413,5 | 304,5 |
| September ... | 768,7 | 122,8 | ÷ 912,7 | 1.521,5 | ÷ 311,9 | ÷ 399,2 | 307,0 |
| Október ...... | 774,5 | 128,6 | ÷ 971,4 | 1.630,9 | ÷ 304,8 | ÷ 394,0 | 310,0 |
| Nóvember .... | 767,1 | 205,7 | ÷ 907,3 | 1.541,4 | ÷ 251,3 | ÷ 393,0 | 309,6 |
| Desember .... | 776,5 | 273,7 | ÷ 777,0 | 1.529,9 | ÷ 272,5 | ÷ 403,9 | 299,6 |

1) Tölur í 2., 4. og 5. dálki sýna reikningsstöðu ríkissjóðs og ríkisstofnana, banka og sparisjóða og fjárfestingarlánastofnana við Seðlabankann.

2) Mótvirðisfé: Þarna er auk mótvirðisfjár á nafni ríkissjóðs og Framkvæmdabankans talið mótvirði bandarískra vörukaupalána (P.L. 480).

*4. tafla. Úr reikningum viðskiptabanka og sparisjóða.*

| Í millj. kr. | Spariinnlán | | | Veltiinnlán | | | Útlán | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Bankar[4] (1) | Spari-sjóðir (2) | Sam-tals (3) | Bankar[4] (4) | Spari-sjóðir (5) | Sam-tals (6) | Bankar[4] (7) | Spari-sjóðir (8) | Sam-tals (9) |
| Árslok 1956 ..... | 976,0 | 251,8 | 1.227,8 | 460,9 | 12,2 | 473,1 | 2.222,3 | 240,7 | 2.463,0 |
| — 1957 ..... | 1.105,2 | 291,4 | 1.396,6 | 596,9 | 14,0 | 610,9 | 2.472,7 | 271,9 | 2.744,6 |
| — 1958 ..... | 1.235,4 | 334,8 | 1.570,2 | 737,6 | 17,9 | 755,5 | 2.963,6 | 315,7 | 3.279,3 |
| — 1959 ..... | 1.426,0 | 394,2 | 1.820,2 | 797,4 | 28,4 | 825,8 | 3.513,8 | 385,2 | 3.899,0 |
| — 1960 ..... | 1.739,9 | 454,7 | 2.194,6 | 769,2 | 21,1 | 790,3 | 3.784,2 | 412,5 | 4.196,7 |
| — 1961 ..... | 2.187,4 | 555,8 | 2.743,2 | 1.003,4 | 30,7 | 1.034,1 | 4.056,0 | 491,9 | 4.547,9 |
| Mánaðarlok 1962: | | | | | | | | | |
| Janúar ....... | 2.228,0 | 563,3 | 2.791,3 | 1.091,0 | 36,1 | 1.127,1 | 4.022,7 | 485,1 | 4.507,8 |
| Febrúar ...... | 2.261,1 | 567,3 | 2.828,4 | 1.106,5 | 37,5 | 1.144,0 | 4.044,2 | 494,2 | 4.538,4 |
| Marz ......... | 2.287,2 | 573,7 | 2.860,9 | 1.141,0 | 24,3 | 1.165,3 | 4.048,5 | 500,9 | 4.549,4 |
| Apríl ......... | 2.319,3 | 588,3 | 2.907,6 | 1.256,8 | 41,8 | 1.298,6 | 4.126,1 | 512,2 | 4.638,3 |
| Maí .......... | 2.384,4 | 601,0 | 2.985,4 | 1.271,7 | 40,2 | 1.311,9 | 4.226,1 | 523,9 | 4.750,0 |
| Júní .......... | 2.433,0 | 609,4 | 3.042,4 | 1.196,1 | 41,6 | 1.237,7 | 4.283,5 | 540,0 | 4.823,5 |
| Júlí .......... | 2.481,1 | 619,0 | 3.100,1 | 1.195,6 | 45,2 | 1.240,8 | 4.370,2 | 552,5 | 4.922,7 |
| Ágúst ........ | 2.515,9 | 623,3 | 3.139,2 | 1.218,0 | 50,6 | 1.268,6 | 4.391,1 | 561,5 | 4.952,6 |
| September ... | 2.566,0 | 639,7 | 3.205,7 | 1.249,4 | 56,1 | 1.305,5 | 4.617,8 | 577,8 | 5.195,6 |
| Október ...... | 2.613,3 | 654,0 | 3.267,3 | 1.301,0 | 51,0 | 1.352,0 | 4.647,0 | 592,6 | 5.239,6 |
| Nóvember .... | 2.615,6 | 654,4 | 3.270,0 | 1.268,0 | 53,2 | 1.321,2 | 4.610,7 | 599,8 | 5.210,5 |
| Desember .... | 2.810,0 | 704,9 | 3.514,9 | 1.168,6 | 45,3 | 1.213,9 | 4.518,8 | 614,1 | 5.132,9 |
| Mánaðarlok 1963: | | | | | | | | | |
| Janúar ....... | 2.882,1 | 707,5 | 3.589,6 | 1.326,7 | 53,1 | 1.379,8 | 4.592,1 | 610,3 | 5.202,4 |
| Febrúar ...... | 2.914,3 | 722,5 | 3.636,8 | 1.286,5 | 52,9 | 1.339,4 | 4.626,2 | 620,8 | 5.247,0 |
| Marz ......... | 2.938,2 | 724,5 | 3.662,7 | 1.266,1 | 39,9 | 1.306,0 | 4.683,4 | 632,2 | 5.315,6 |
| Apríl ......... | 2.954,0 | 736,3 | 3.690,3 | 1.414,0 | 46,5 | 1.460,5 | 4.773,2 | 638,8 | 5.412,0 |
| Maí .......... | 3.059,2 | 754,4 | 3.813,6 | 1.400,8 | 47,4 | 1.448,2 | 4.954,8 | 650,6 | 5.605,4 |
| Júní .......... | 3.104,8 | 757,7 | 3.862,5 | 1.245,6 | 49,7 | 1.295,3 | 5.073,8 | 664,3 | 5.738,1 |
| Júlí .......... | 3.172,6 | 759,6 | 3.932,2 | 1.236,8 | 55,4 | 1.292,2 | 5.173,6 | 677,1 | 5.850,7 |
| Ágúst ........ | 3.184,0 | 766,5 | 3.950,5 | 1.221,1 | 47,1 | 1.268,2 | 5.288,7 | 683,9 | 5.972,6 |
| September ... | 3.190,8 | 764,8 | 3.955,6 | 1.283,7 | 59,6 | 1.343,3 | 5.441,6 | 692,9 | 6.134,5 |
| Október ...... | 3.212,2 | 763,9 | 3.976,1 | 1.269,4 | 55,6 | 1.325,0 | 5.426,4 | 695,0 | 6.121,4 |
| Nóvember .... | 3.192,8 | 760,0 | 3.952,8 | 1.287,6 | 48,2 | 1.335,8 | 5.451,2 | 691,1 | 6.142,3 |
| Desember .... | 3.421,7 | 817,5 | 4.239,2 | 1.100,9 | 49,3 | 1.150,2 | 5.201,7 | 693,7 | 5.895,4 |
| Mánaðarlok 1964: | | | | | | | | | |
| Janúar ....... | 3.444,6 | 814,4 | 4.259,0 | 1.269,7 | 52,9 | 1.322,6 | 5.218,8 | 694,1 | 5.912,9 |
| Febrúar ...... | 3.493,2 | 817,6 | 4.310,8 | 1.283,8 | 39,5 | 1.323,3 | 5.249,2 | 698,1 | 5.947,3 |
| Marz ......... | 3.510,7 | 815,8 | 4.326,5 | 1.278,0 | 42,3 | 1.320,3 | 5.249,0 | 700,2 | 5.949,2 |
| Apríl ......... | 3.556,4 | 845,2 | 4.401,6 | 1.355,4 | 43,7 | 1.399,1 | 5.362,0 | 716,7 | 6.078,7 |
| Maí .......... | 3.595,7 | 863,5 | 4.459,2 | 1.428,5 | 54,4 | 1.482,9 | 5.579,8 | 731,2 | 6.311,0 |
| Júní .......... | 3.625,0 | 882,0 | 4.507,0 | 1.369,0 | 50,7 | 1.419,7 | 5.580,7 | 743,5 | 6.324,2 |
| Júlí .......... | 3.679,3 | 888,8 | 4.568,1 | 1.469,8 | 61,2 | 1.531,0 | 5.727,2 | 761,8 | 6.489,0 |
| Ágúst ........ | 3.730,5 | 893,1 | 4.623,6 | 1.447,4 | 67,0 | 1.514,4 | 5.789,6 | 766,5 | 6.556,1 |
| September ... | 3.753,4 | 892,1 | 4.645,5 | 1.515,6 | 63,4 | 1.579,0 | 5.928,0 | 772,6 | 6.700,6 |
| Október ...... | 3.810,5 | 913,6 | 4.724,1 | 1.581,4 | 77,0 | 1.658,4 | 5.970,9 | 791,0 | 6.761,9 |
| Nóvember .... | 3.806,6 | 904,2 | 4.710,8 | 1.521,5 | 69,0 | 1.590,5 | 5.989,4 | 797,3 | 6.786,7 |
| Desember .... | 4.041,2 | 957,5 | 4.998,7 | 1.400,1 | 64,9 | 1.465,0 | 5.808,1 | 797,5 | 6.605,6 |

1) Innlánin, eins og þau koma fram í töflunni, eru nettóinnlán, þ. e. að frádregnum innlánum stofnana hverrar hjá annarri.
2) Spariinnlán eru hér tilgreind að frádregnum innstæðum í sparisjóðsávísanabókum.
3) Með veltiinnlánum er talið geymslufé vegna innflutnings og innstæður í sparisjóðsávísanabókum.
4) Tölum þeirra sparisjóða, sem gerðir hafa verið að bönkum eða útibúum banka, er í töflunni bætt við tölur banka og þær jafnframt dregnar frá tölum sparisjóða. Tilfærsla er gerð aftur í tímann, frá því að breytingin á sér stað hjá hverjum sparisjóði.

*5. tafla. Innlán og útlán banka og sparisjóða.**

| | 1960 | 1961 | 1962 | 1963 | 1964 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Sparifé:** | | | | | |
| Landsbanki | 820,0 | 1.019,5 | 1.281,3 | 1.595,8 | 1.851,5 |
| Útvegsbanki | 375,0 | 442,3 | 559,8 | 643,5 | 706,6 |
| Búnaðarbanki | 307,4 | 385,3 | 482,5 | 564,7 | 688,3 |
| Iðnaðarbanki | 94,5 | 119,9 | 152,6 | 197,4 | 244,0 |
| Verzlunarbanki | 112,4 | 165,7 | 240,1 | 295,7 | 334,1 |
| Samvinnubanki | 30,6 | 54,7 | 93,8 | 124,6 | 216,7 |
| Samtals | 1.739,9 | 2.187,4 | 2.810,1 | 3.421,7 | 4.041,2 |
| 3 stærstu sparisjóðir | 218,6 | 268,9 | 334,1 | 380,5 | 433,3 |
| Aðrir sparisjóðir | 236,1 | 286,9 | 370,7 | 437,0 | 524,2 |
| Sparifé alls | 2.194,6 | 2.743,2 | 3.514,9 | 4.239,2 | 4.998,7 |
| **Veltiinnlán:** | | | | | |
| Landsbanki | 394,4 | 554,9 | 643,2 | 493,1 | 641,3 |
| Útvegsbanki | 176,6 | 207,3 | 204,6 | 226,7 | 308,6 |
| Búnaðarbanki | 89,0 | 104,1 | 156,4 | 164,8 | 215,9 |
| Iðnaðarbanki | 39,0 | 44,4 | 51,1 | 72,3 | 77,1 |
| Verzlunarbanki | 58,5 | 72,2 | 79,2 | 91,7 | 102,3 |
| Samvinnubanki | 11,7 | 20,5 | 34,1 | 52,3 | 54,9 |
| Samtals | 769,2 | 1.003,4 | 1.168,6 | 1.100,9 | 1.400,1 |
| 3 stærstu sparisjóðir | 7,3 | 13,6 | 23,6 | 22,6 | 31,0 |
| Aðrir sparisjóðir | 13,8 | 17,1 | 21,7 | 26,7 | 33,9 |
| Veltiinnlán alls | 790,3 | 1.034,1 | 1.213,9 | 1.150,2 | 1.465,0 |
| **Útlán:** | | | | | |
| Landsbanki | 1.990,7 | 2.136,4 | 2.349,8 | 2.677,7 | 2.926,2 |
| (þar af erl. víxlar endurl.) | — | — | (171,4) | (166,2) | (166,5) |
| Útvegsbanki | 987,0 | 991,1 | 1.005,8 | 1.155,6 | 1.265,1 |
| Búnaðarbanki | 475,2 | 492,6 | 585,0 | 646,3 | 740,2 |
| Iðnaðarbanki | 136,6 | 162,2 | 189,9 | 247,3 | 290,5 |
| Verzlunarbanki | 155,5 | 212,7 | 272,1 | 323,7 | 366,0 |
| Samvinnubanki | 39,2 | 61,0 | 116,2 | 151,1 | 220,1 |
| Samtals | 3.784,2 | 4.056,0 | 4.518,8 | 5.201,7 | 5.808,1 |
| 3 stærstu sparisjóðir | 211,4 | 252,2 | 306,4 | 337,3 | 381,7 |
| Aðrir sparisjóðir | 201,1 | 239,7 | 307,7 | 356,4 | 415,8 |
| Útlán alls | 4.196,7 | 4.547,9 | 5.132,9 | 5.895,4 | 6.605,6 |

* Í 5. töflu eru taldir með bönkum sparisjóðir, sem eru nú útibú Landsbanka (Sparisj. Húsavíkur 1. jan. 1963 og Sparisj. Akraness 1. nóv. 1964) og Búnaðarbanka (Sparisj. Húnavatnssýslu 1. jan. 1963, Sparisj. Holta- og Ásahrepps 1. marz 1964, Sauðárkróks og Stykkishólms 1. júlí 1964). Samvinnusparisjóður er einnig meðtalinn, en hann varð banki 31. ág. 1963, og Verzlunarsparisjóður, er varð banki í apríl 1961.

# 2. Starfsemi Seðlabankans

Í fyrra hluta þessarar skýrslu er rætt um efnahagsþróunina á árinu 1964 og þann þátt í starfsemi Seðlabankans, sem varðar stefnuna í peningamálum og efnahagsmálum almennt. Í þessum síðara hluta skýrslunnar verður hins vegar gerð nánari grein fyrir starfsemi Seðlabankans á árinu 1964 og þar á meðal rakin einstök atriði í ársreikningum bankans.

*STJÓRN BANKANS.* Hinn 31. marz 1964 kaus bankastjórnin dr. Jóhannes Nordal, bankastjóra, til formennsku í bankastjórninni til þriggja ára í stað Jóns G. Maríassonar, bankastjóra, en hann hafði gegnt því starfi frá því í apríl 1961, er núverandi lög bankans komu til framkvæmda.

Vilhjálmur Þór lét af störfum sem bankastjóri við Seðlabankann hinn 31. október 1964, en hann varð 65 ára 1. september sl. Hann var aðalbankastjóri Landsbanka Íslands, Seðlabankans, frá 1957 til 1961 og síðan bankastjóri Seðlabanka Íslands frá sama ári. Áður starfaði hann við bankann sem bankastjóri Landsbanka Íslands árin 1940 til 1945 og 1955 til 1957 og var í bankaráði hans frá 1948 til 1955. Hinn 1. nóvember sl. tók Vilhjálmur Þór við starfi sem fulltrúi Norðurlanda í framkvæmdastjórn Alþjóðabankans í Washington.

Bankaráð það, sem setið hefur frá 7. apríl 1961, frá því að bankinn hóf starf sem Seðlabanki Íslands samkvæmt lögum frá 29. marz 1961, lauk störfum í lok árs 1964. Nýtt bankaráð var kosið á Alþingi 22. desember sl. til fjögurra ára frá 1. janúar 1965 að telja. Er það skipað þessum mönnum:

*Aðalmenn:*
Birgir Kjaran, hagfræðingur,
Sigurjón Guðmundsson, framkv.stj.,
Jónas G. Rafnar, alþingismaður,
Jón Axel Pétursson, bankastjóri og
Ingi R. Helgason, hæstaréttarlögm.

*Varamenn:*
Ólafur Björnsson, prófessor,
Jón Skaftason, alþingismaður,
Þorvarður J. Júlíusson, framkv.stj.
Emil Jónsson, ráðherra og
Alfreð Gíslason, alþingismaður.

Viðskiptamálaráðherra hefur skipað Birgi Kjaran, hagfræðing, formann bankaráðsins og Emil Jónsson, félagsmálaráðherra, varaformann, á meðan Jón Axel Pétursson, sem nú er bankastjóri í Landsbankanum, getur ekki sinnt störfum í bankaráðinu. Gegndu þeir sömu stöðum í fráfarandi bankaráði. Prófessor Ólafur Björnsson hefur síðan 21. nóvember 1963 gegnt störfum aðalmanns í bankaráðinu í stað Jónasar G. Rafnars, sem þá var ráðinn

bankastjóri við Útvegsbankann. Ólafur Jóhannesson, prófessor, hvarf nú frá störfum við Seðlabankann. Hann var meðstjórnandi í bankastjórn Landsbanka Íslands, Seðlabankans, frá 1957 til 1961 og síðan í bankaráði Seðlabankans frá 1961 til sl. áramóta.

*LAGABREYTING.* Nokkrar breytingar voru gerðar á löggjöf bankans með setningu laga nr. 10 frá 13. maí 1964, sem hér verður gerð stutt grein fyrir. Aðalbreyting laganna felst í því, að heimild bankans til innlánsbindingar er aukin, þannig að nú má bankinn innkalla samtals sem nemur 25% af heildarinnstæðum við viðkomandi stofnun. Áður var Seðlabankanum heimilt að innkalla bindifé, sem nam 15% af spariinnlánum og 20% af reikningsinnstæðum, sem ávísað var á með tékkum. Jafnframt er það nú tekið fram, að megintilgangur bindingar sé að afla fjár frá bankakerfinu í heild til að standa undir lánveitingum Seðlabankans innan lands, þ. á. m. endurkaupum afurðavíxla. Með hinum nýju lögum er enn fremur ákveðið, að innlánsstofnanir þurfi heimild ráðherra til að setja á fót útibú eða umboðsskrifstofur. Eiga þær að sækja um leyfi til þessa til Seðlabankans. Hann leggur umsóknir síðan til ráðherra með athugasemdum sínum. Lögin veita Seðlabankanum enn fremur heimild til útgáfu gengisverðbréfa, og loks er honum leyft að taka að sér innheimtu innstæðulausra ávísana og áskilja innheimtugjald skv. nánari reglum, sem ráðherra setur, en nánar verður að þeim vikið hér á eftir.

*INNLEND FJÁRÖFLUN OG FJÁRFESTINGARLÁNAMÁL.* Á árinu 1963 var gert samkomulag við viðskiptabankana og stærstu sparisjóðina suðvestan lands um, að þeir veittu sem næmi 15% af innlánsaukningu ársins til sérstakra útlána á vegum ríkisstjórnarinnar. Hliðstætt samkomulag var gert á sl. ári, en bindingin þá ákveðin 10% í stað 15% árið áður. Seðlabankinn annaðist milligöngu við innköllun fjárins og afgreiðslu lána til viðkomandi aðila, skv. fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1964. Námu veitt lán 56 milljónum króna um sl. áramót.

Í nóvember 1964 var gert samkomulag um samstarf í fjárfestingarlánamálum. Eiga hér hlut að máli viðkomandi ráðuneyti, Efnahagsstofnunin og Seðlabankinn. Markmið samstarfsins er að tryggja góðan undirbúning fjárfestingaráætlana, til þess að þær séu, eftir því sem unnt er, í samræmi við almenna lánastefnu banka og sparisjóða.

Hlutverk Seðlabankans í þessu sambandi er sérstaklega að hafa með höndum upplýsingasöfnun, undirbúning og samræmingu heildaráætlana, fyrst og fremst að því er varðar atvinnufyrirtæki. Hefur bankinn einnig með höndum að semja almennar áætlanir um fjármagnsmyndun í landinu og gera áætlanir um fjáröflunarleiðir.

Seint á árinu hóf Seðlabankinn að beiðni fjármálaráðherra undirbúning að sérstakri verðbréfaútgáfu ríkissjóðs á almennum lánamarkaði. Var heimildar aflað frá Alþingi með lögum nr. 59 frá 20. nóvember 1964.

Verðbréfin eru í formi spariskírteina, og er endurgreiðsla vaxta og afborgana tengd breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar. Innlausn bréfanna fer fram, hvenær sem eigandi óskar, að þremur árum liðnum frá útgáfu. Vextir

hækka, eftir því sem innlausn dregst, en meðalvextir fyrir allt lánstímabilið eru 7,2% á ári. Sala skírteinanna gekk mjög vel. Voru þau seld í tveimur áföngum, fyrst 50 milljónir og síðan 25 milljónir króna. Seldust skírteinin upp á nokkrum dögum. Athugun á dreifingu skírteinanna og öðru varðandi sölu þeirra er ekki lokið. Er þó ljóst, að mjög almenn eftirspurn var eftir þeim og dreifðust þau mjög víða.

*INNSTÆÐUBINDING.* Hér að framan var vikið að því, að á árinu fékk Seðlabankinn auknar heimildir til innstæðubindingar. Hinn 9. júlí ákvað bankastjórnin, að almenn innstæðubinding skyldi áfram vera óbreytt, þ. e. 25% af aukningu innstæðna við stofnanir og 2% lágmarksbinding, ef um enga aukningu innstæðna er að ræða. Í samkomulagi ríkisstjórnarinnar við bankana var ákveðið, að sérstök innstæðubinding vegna útlána, sem áður hefur verið vikið að, skyldi lækka úr 15% í 10%. Jafnframt tókust samningar um það í júlímánuði milli Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar, að bankinn lánaði 60 millj. kr. til íbúðalána. Var þetta gert í því formi að kaupa verðbréf Húsnæðismálastofnunar ríkisins, og var það liður í fjáröflun til íbúðabygginga, en í samkomulagi um launamál, sem gert var 5. júní, hét ríkisstjórnin því að gera ráðstafanir til öflunar lánsfjár til íbúðabygginga. Til þess að standa undir nefndri lánsfyrirgreiðslu Seðlabankans ákvað bankastjórnin að setja á sérstaka 5% innstæðubindingu, sem gilti aðeins árið 1964.

*VEXTIR VIÐ INNLÁNSSTOFNANIR OG SEÐLABANKANN.* Bankastjórn Seðlabankans ákvað 30. desember 1964 almenna breytingu á vöxtum við innlánsstofnanir. Tóku hinir breyttu vextir gildi 1. janúar sl. Helztu breytingarnar voru sem hér segir:

Í fyrsta lagi voru útláns- og innlánsvextir lækkaðir að jafnaði um 1% á ári. Almennir sparisjóðsvextir eru nú 6% í stað 7% áður, vextir af sparisjóðsbókum með 6 mánaða uppsagnarfresti 7% á ári í stað 8% áður og vextir af eins árs bókum 8% í stað 9%. Samsvarandi breytingar urðu á öðrum innlánsvöxtum. Almennir útlánsvextir breyttust tilsvarandi, þannig að forvextir af stuttum víxlum lækkuðu úr 9% í 8%, vextir af framlengingarvíxlum og fasteignaveðslánum lækkuðu úr 9½% í 8½% á ári og vextir af hlaupareikningsyfirdráttum úr 10% í 9%, sem nú er skipt í 3% viðskiptagjald og 6% dagvexti af skuld.

Í öðru lagi var með vaxtabreytingunni sérstaklega stefnt að því að bæta vaxtakjör útflutningsframleiðslunnar. Forvextir af endurkaupanlegum víxlum með veði í útflutningsframleiðslu lækkuðu um 1½% og eru nú 5¾% á ári. Vextir af 2. veðréttarlánum út á sömu afurðir lækkuðu um 2% úr 10% í 8%, ef slík lán eru í hlaupareikningsformi.

Í þriðja lagi voru gerðar nokkrar breytingar í því skyni að auka nokkuð sveigjanleik vaxtakerfisins og auka tækifæri bankanna til aðhalds, ef um vanskil er að ræða. Í þessu skyni er bönkunum gefið svigrúm til að breyta víxilvöxtum um allt að ½%, ef tryggingar og lengd lánstíma gefur tilefni til. Jafnframt er þeim heimilað að taka

*6. tafla. Efnahagsreikningur*

| EIGNIR (í millj. kr.): | ÁRSLOK | | | |
|---|---|---|---|---|
| | 1960 | 1961 | 1962 | 1963 |
| **Gullforði** | **38,6** | **43,7** | **43,7** | **43,7** |
| **Erlendar eignir** | **643,3** | **1.171,5** | **1.465,9** | **1.459,9** |
| a. Erlendir bankar | 203,0 | 170,5 | 252,8 | 282,9 |
| b. Erlend verðbréf | 210,6 | 808,9 | 1.062,4 | 1.018,4 |
| c. Erlendir víxlar | 86,8 | 28,0 | 43,8 | 33,0 |
| d. Vöruskiptareikningar | 142,9 | 164,1 | 106,9 | 125,6 |
| **Kvóti hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum** | — | **483,7** | **483,7** | **483,7** |
| a. Gullframlag | — | 120,9 | 120,9 | 120,9 |
| b. Krónuframlag | — | 362,8 | 362,8 | 362,8 |
| **Skuldir á hlaupareikningi** | **310,3** | **173,1** | **141,2** | **81,6** |
| a. Aðalviðskiptareikningur ríkissjóðs | 34,7 | — | — | — |
| b. Aðrir ríkisreikningar | 165,8 | 159,8 | 126,6 | 76,7 |
| c. Lán til ríkissjóðs vegna alþjóðastofnana | 103,2 | 11,3 | 4,8 | 4,7 |
| d. Ríkisstofnanir | 3,1 | 0,9 | 9,7 | — |
| e. Aðrir reikningar | 3,5 | 1,1 | 0,1 | 0,2 |
| **Verðbréf** | **112,3** | **201,7** | **294,6** | **353,8** |
| a. Innlend verðbréf | 102,0 | 192,4 | 286,4 | 265,9 |
| b. Stóreignaskattsbréf | 10,3 | 9,3 | 8,2 | 7,4 |
| c. Endurlánað erlent lánsfé | — | — | — | 80,5 |
| **Peningastofnanir** | **1.009,0** | **1.190,5** | **1.094,0** | **1.150,0** |
| a. Reikningsskuldir banka og sparisjóða | 73,6 | 6,0 | 4,4 | 2,0 |
| b. Reikningsskuldir fjárfestingarlánastofnana | 7,9 | 0,2 | 19,0 | — |
| c. Lán gegn verðbréfum | 140,7 | 41,1 | — | 10,0 |
| d. Endurkeyptir víxlar | 737,2 | 794,7 | 682,3 | 746,6 |
| e. Stofnlánadeildin | 49,6 | 348,5 | 388,3 | 391,4 |
| **Gengistapsreikningur 1960** | **191,2** | **40,0** | **34,0** | **33,0** |
| **Fasteignir** | — | **8,1** | **7,0** | **6,0** |
| **Ýmislegt** | **6,4** | **23,3** | **8,7** | **10,2** |
| **Sjóður** | **0,7** | **0,3** | **0,3** | **0,6** |
| Alls | 2.311,8 | 3.335,9 | 3.573,1 | 3.622,5 |

*Seðlabankans 1960—1964.*

| MÁNAÐARLOK 1964 | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Jan. | Febr. | Marz | Apríl | Maí | Júní | Júlí | Ágúst | Sept. | Okt. | Nóv. | Des. |
| **43,7** | **43,7** | **43,7** | **43,7** | **43,7** | **43,7** | **43,7** | **43,7** | **43,7** | **43,7** | **43,7** | **43,7** |
| **1.518,3** | **1.571,0** | **1.557,7** | **1.505,3** | **1.491,9** | **1.516,7** | **1.450,6** | **1.514,5** | **1.516,0** | **1.593,6** | **1.665,8** | **1.778,7** |
| 304,1 | 281,2 | 198,1 | 221,6 | 188,2 | 217,2 | 206,0 | 174,8 | 124,1 | 196,2 | 168,0 | 162,5 |
| 1.082,0 | 1.137,8 | 1.191,6 | 1.094,0 | 1.106,4 | 1.131,6 | 1.072,3 | 1.199,3 | 1.258,3 | 1.271,4 | 1.424,6 | 1.531,0 |
| 33,0 | 48,3 | 59,4 | 50,4 | 46,8 | 18,8 | 26,8 | 26,2 | 43,3 | 43,2 | 42,6 | 37,2 |
| 99,2 | 103,7 | 108,6 | 139,3 | 150,5 | 149,1 | 145,5 | 114,2 | 90,3 | 82,8 | 30,6 | 48,0 |
| **483,7** | **483,7** | **483,7** | **483,7** | **483,7** | **483,7** | **483,7** | **483,7** | **483,7** | **483,7** | **483,7** | **483,7** |
| 120,9 | 120,9 | 120,9 | 120,9 | 120,9 | 120,9 | 120,9 | 120,9 | 120,9 | 120,9 | 120,9 | 120,9 |
| 362,8 | 362,8 | 362,8 | 362,8 | 362,8 | 362,8 | 362,8 | 362,8 | 362,8 | 362,8 | 362,8 | 362,8 |
| **155,4** | **116,5** | **200,6** | **259,8** | **248,6** | **293,2** | **389,6** | **334,7** | **323,0** | **335,0** | **291,0** | **285,2** |
| 68,6 | 1,7 | 73,7 | 120,4 | 69,4 | 132,9 | 213,1 | 167,6 | 193,3 | 219,6 | 212,9 | 220,4 |
| 81,9 | 110,0 | 122,1 | 133,8 | 174,4 | 155,4 | 171,6 | 162,2 | 124,8 | 110,5 | 73,2 | 59,9 |
| 4,7 | 4,7 | 4,7 | 4,7 | 4,7 | 4,7 | 4,7 | 4,7 | 4,7 | 4,7 | 4,7 | 4,7 |
| — | — | — | — | — | — | — | — | — | — | — | — |
| 0,2 | 0,1 | 0,1 | 0,9 | 0,1 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 |
| **352,8** | **368,4** | **367,8** | **365,5** | **372,9** | **373,8** | **362,5** | **413,5** | **399,3** | **394,0** | **393,0** | **403,9** |
| 264,1 | 279,7 | 279,1 | 276,8 | 284,2 | 285,1 | 273,8 | 324,8 | 310,6 | 305,3 | 309,8 | 321,7 |
| 7,4 | 7,4 | 7,4 | 7,4 | 7,4 | 7,4 | 7,4 | 7,4 | 7,4 | 7,4 | 7,4 | 6,4 |
| 81,3 | 81,3 | 81,3 | 81,3 | 81,3 | 81,3 | 81,3 | 81,3 | 81,3 | 81,3 | 75,8 | 75,8 |
| **1.013,0** | **962,9** | **1.054,6** | **1.130,0** | **1.178,1** | **1.115,3** | **1.190,6** | **1.207,8** | **1.264,1** | **1.319,4** | **1.269,6** | **1.174,0** |
| 1,7 | 11,4 | 4,3 | 13,4 | 15,2 | 14,8 | 12,4 | 15,0 | 11,0 | 10,8 | 31,8 | 14,9 |
| — | — | — | — | — | — | — | — | — | — | — | 20,0 |
| 10,0 | 22,0 | 51,2 | 19,2 | 7,7 | — | — | — | — | — | 4,5 | 16,6 |
| 614,0 | 547,2 | 621,0 | 726,4 | 802,9 | 752,6 | 833,1 | 850,7 | 912,7 | 971,4 | 907,2 | 777,0 |
| 387,3 | 382,3 | 378,1 | 371,0 | 352,3 | 347,9 | 345,1 | 342,1 | 340,4 | 337,2 | 326,1 | 345,5 |
| **33,0** | **33,0** | **33,0** | **33,0** | **33,0** | **33,0** | **33,0** | **33,0** | **33,0** | **33,0** | **33,0** | **33,0** |
| **6,0** | **6,0** | **6,0** | **6,0** | **6,0** | **6,0** | **6,0** | **6,0** | **6,0** | **6,0** | **6,0** | **6,0** |
| **10,0** | **29,6** | **20,5** | **18,3** | **27,3** | **24,0** | **18,9** | **10,7** | **24,2** | **28,4** | **32,5** | **12,5** |
| **0,4** | **0,4** | **0,5** | **0,3** | **0,4** | **0,6** | **0,5** | **0,6** | **0,7** | **0,5** | **0,4** | **0,6** |
| 3.616,3 | 3.615,2 | 3.768,1 | 3.845,6 | 3.885,6 | 3.890,0 | 3.979,1 | 4.048,2 | 4.093,7 | 4.237,3 | 4.218,7 | 4.221,3 |

| SKULDIR (í millj. kr.): | ÁRSLOK 1960 | 1961 | 1962 | 1963 |
|---|---|---|---|---|
| **Seðlar** | **414,0** | **509,9** | **583,8** | **654,4** |
| **Peningastofnanir** | **166,7** | **641,7** | **1.138,7** | **1.185,4** |
| a. Bankar og sparisjóðir, almennar innstæður | 71,0 | 117,9 | 270,4 | 123,6 |
| b. Bankar og sparisjóðir, bundnar innstæður | 67,0 | 318,2 | 591,4 | 796,9 |
| c. Mótvirði stofnlána | — | 154,6 | 201,5 | 182,6 |
| d. Fjárfestingarlánastofnanir | 28,7 | 51,0 | 75,4 | 82,3 |
| **Innstæður á hlaupareikningi** | **320,4** | **393,1** | **523,7** | **599,8** |
| a. Aðalviðskiptareikningur ríkissjóðs | — | 39,4 | 86,2 | 64,7 |
| b. Aðrir ríkisreikningar | 46,9 | 65,3 | 77,3 | 215,5 |
| c. Ríkisstofnanir, almennar innstæður | 112,1 | 56,4 | 47,5 | 103,7 |
| d. Ríkisstofnanir, bundnar innstæður | 100,0 | 154,1 | 158,9 | 133,5 |
| e. Aðrir reikningar | 61,4 | 77,9 | 153,8 | 82,4 |
| **Mótvirðisfé** | **173,1** | **132,4** | **250,7** | **264,7** |
| a. Mótvirðissjóður | 62,5 | — | — | — |
| b. Lokaður reikningur Framkvæmdabankans | 60,6 | 57,1 | 53,5 | 49,9 |
| c. Skuldagreiðslureikningur | 50,0 | — | — | — |
| d. Mótvirðissjóður 1961 | — | 75,3 | 197,2 | 214,8 |
| **Innstæður Alþjóðagjaldeyrissjóðs** | **262,1** | **657,2** | **485,2** | **363,7** |
| a. Innstæður | 1,8 | 364,3 | 364,3 | 363,7 |
| b. Yfirdráttarlán | 260,3 | 292,9 | 120,9 | — |
| **Innstæður alþjóðastofnana** | **3,5** | **6,4** | **4,8** | **4,7** |
| **Erlendar skuldir** | **179,9** | **270,1** | **129,4** | **93,0** |
| a. Erlendir bankar | 76,3 | 41,6 | 31,0 | 37,6 |
| b. Víxlar seldir erlendis | — | — | — | — |
| c. Vöruskiptareikningar | 103,6 | 228,5 | 98,4 | 55,4 |
| **Erlend lán til langs tíma** | **259,2** | **245,1** | **191,5** | **180,7** |
| a. Skuld vegna E.P.U. | 210,7 | 195,7 | 147,7 | 100,2 |
| b. Önnur erlend lán | 48,5 | 49,4 | 43,8 | 80,5 |
| **Yfirdráttarlán frá Evrópusjóðnum** | **266,0** | **215,0** | — | — |
| **Ýmislegt** | **22,7** | **31,4** | **28,8** | **30,2** |
| **Stofnfé** | **4,8** | **100,0** | **100,0** | **100,0** |
| **Varasjóður** | **180,0** | **100,0** | **100,0** | **106,0** |
| **Annað eigið fé** | **59,4** | **33,6** | **36,5** | **39,9** |
| Alls | 2.311,8 | 3.335,9 | 3.573,1 | 3.622,5 |

*Seðlabankans 1960—1964.*

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| MÁNAÐARLOK 1964 | | | | | | | | | | | |
| Jan. | Febr. | Marz | Apríl | Maí | Júní | Júlí | Ágúst | Sept. | Okt. | Nóv. | Des. |
| **617,9** | **611,4** | **658,3** | **695,9** | **726,9** | **723,0** | **776,0** | **741,6** | **768,7** | **774,5** | **767,1** | **776,5** |
| **1.239,1** | **1.258,6** | **1.304,6** | **1.401,9** | **1.361,1** | **1.396,6** | **1.458,1** | **1.527,0** | **1.563,0** | **1.676,1** | **1.654,5** | **1.656,3** |
| 204,9 | 164,0 | 223,1 | 302,3 | 248,7 | 242,1 | 291,2 | 331,9 | 351,0 | 412,3 | 303,8 | 262,7 |
| 789,0 | 845,4 | 870,0 | 874,2 | 894,0 | 930,9 | 941,1 | 979,5 | 1.002,5 | 1.050,3 | 1.094,8 | 1.098,1 |
| 182,6 | 181,3 | 181,3 | 181,2 | 181,2 | 181,1 | 181,1 | 181,1 | 181,1 | 181,1 | 181,1 | 191,2 |
| 62,6 | 67,9 | 30,2 | 44,2 | 37,2 | 42,5 | 44,7 | 34,5 | 28,4 | 32,4 | 74,8 | 104,3 |
| **591,1** | **576,7** | **596,2** | **582,1** | **588,0** | **541,6** | **536,2** | **550,0** | **506,7** | **527,9** | **565,8** | **616,8** |
| — | — | — | — | — | — | — | — | — | — | — | — |
| 220,0 | 234,8 | 227,0 | 245,3 | 274,3 | 238,3 | 201,9 | 252,3 | 189,3 | 193,5 | 252,1 | 312,4 |
| 149,2 | 118,3 | 148,1 | 136,5 | 118,3 | 104,5 | 137,6 | 100,3 | 118,6 | 107,3 | 81,6 | 83,6 |
| 133,6 | 133,6 | 133,0 | 133,0 | 133,0 | 133,0 | 133,0 | 133,0 | 133,0 | 158,0 | 158,0 | 158,0 |
| 88,3 | 90,0 | 88,1 | 67,3 | 62,4 | 65,8 | 63,7 | 64,4 | 65,8 | 69,1 | 74,1 | 62,8 |
| **261,2** | **261,2** | **261,2** | **256,7** | **257,4** | **259,0** | **259,0** | **259,9** | **259,9** | **259,9** | **259,9** | **259,9** |
| — | — | — | — | — | — | — | — | — | — | — | — |
| 46,4 | 46,4 | 46,4 | 46,4 | 46,4 | 46,4 | 46,4 | 46,3 | 46,3 | 46,3 | 46,3 | 46,3 |
| — | — | — | — | — | — | — | — | — | — | — | — |
| 214,8 | 214,8 | 214,8 | 210,3 | 211,0 | 212,6 | 212,6 | 213,6 | 213,6 | 213,6 | 213,6 | 213,6 |
| **363,7** | **363,7** | **363,6** | **363,6** | **363,6** | **363,6** | **363,6** | **363,6** | **363,6** | **363,6** | **363,6** | **363,6** |
| 363,7 | 363,7 | 363,6 | 363,6 | 363,6 | 363,6 | 363,6 | 363,6 | 363,6 | 363,6 | 363,6 | 363,6 |
| — | — | — | — | — | — | — | — | — | — | — | — |
| **4,7** | **4,7** | **4,7** | **4,7** | **4,7** | **4,7** | **4,7** | **4,7** | **4,7** | **4,7** | **4,7** | **4,7** |
| **100,9** | **91,1** | **124,5** | **80,7** | **115,0** | **129,0** | **99,3** | **112,1** | **132,0** | **122,5** | **116,2** | **138,0** |
| 42,5 | 31,2 | 48,0 | 36,7 | 70,6 | 90,9 | 54,6 | 59,2 | 62,1 | 44,4 | 5,8 | 12,2 |
| — | — | — | — | — | — | — | — | — | — | — | — |
| 58,4 | 59,9 | 76,5 | 44,0 | 44,4 | 38,1 | 44,7 | 52,9 | 69,9 | 78,1 | 110,4 | 125,8 |
| **176,1** | **176,1** | **176,2** | **176,2** | **175,0** | **175,0** | **172,5** | **172,5** | **172,5** | **172,5** | **133,7** | **128,5** |
| 94,8 | 94,8 | 94,9 | 94,9 | 93,7 | 93,7 | 91,2 | 91,2 | 91,2 | 91,2 | 57,9 | 52,7 |
| 81,3 | 81,3 | 81,3 | 81,3 | 81,3 | 81,3 | 81,3 | 81,3 | 81,3 | 81,3 | 75,8 | 75,8 |
| — | — | — | — | — | — | — | — | — | — | — | — |
| **15,7** | **25,8** | **32,9** | **37,7** | **47,8** | **51,4** | **63,2** | **70,3** | **76,1** | **88,8** | **106,3** | **20,9** |
| **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | **100,0** |
| **106,0** | **106,0** | **106,0** | **106,0** | **106,0** | **106,0** | **106,0** | **106,0** | **106,0** | **106,0** | **106,0** | **112,3** |
| **39,9** | **39,9** | **39,9** | **40,1** | **40,1** | **40,1** | **40,5** | **40,5** | **40,5** | **40,8** | **40,9** | **43,8** |
| 3.616,3 | 3.615,2 | 3.768,1 | 3.845,6 | 3.885,6 | 3.890,0 | 3.979,1 | 4.048,2 | 4.093,7 | 4.237,3 | 4.218,7 | 4.221,3 |

allt að 1% vexti á mánuði af afborgunarlánum og hlaupareikningslánum, sem komast í vanskil. Lagaheimild skortir hins vegar til að taka slíka vanskilavexti af víxlum, en Seðlabankinn hefur leitað eftir því við ríkisstjórnina, að slíkrar lagaheimildar verði aflað, svo fljótt sem verða má, og verður breyting á þeim vöxtum að bíða þess tíma. Um leið og þessar breytingar voru gerðar á vöxtum banka og sparisjóða, lét bankastjórn Seðlabankans í ljós í fréttatilkynningu, að hún teldi æskilegt, að gerðar yrðu frekari ráðstafanir til þess að verðtrygging í peningasamningum yrði tekin upp í framtíðinni í ríkara mæli en hingað til. Sagði bankastjórnin, að með verðtryggingu mætti lækka vexti á lánum til langs tíma verulega, eins og þegar hefur verið gert á húsnæðislánum, en jafnframt er verðtrygging mikilvægur grundvöllur aukins sparnaðar til langs tíma, eins og sala verðtryggðra spariskírteina nú að undanförnu sýnir.

Vaxtakjör við innlánsstofnanir eru þannig í aðalatriðum frá 1. janúar sl. samkvæmt nefndri ákvörðun bankastjórnarinnar, en fyrri vextir eru í svigum á eftir:

I. *Innlánsvextir:*

| | | |
|---|---|---|
| 1. Alm. sparisjóðsbækur | 6% | (7%) |
| 2. 6 mán. —— | 7% | (8%) |
| 3. 12 mán. —— | 8% | (9%) |
| 4. 10 ára —— | 8½% | (9½%) |
| 5. Sparisjóðsávísanabækur | 3% | (4%) |
| 6. Innstæður á hlaupareikningi | 2% | (3%) |

II. *Útlánsvextir:*

| | | |
|---|---|---|
| 1. Forvextir af víxlum | 8—8½% | (9%) |
| 2. Framleng. vextir víxla eftir 3 mánuði | 8½—9% | (9½%) |
| 3. Yfirdráttur á hlaupareikningi | 6% auk 3% viðsk.gj. | (10%) |
| 4. Skuldabréf með veði í fasteign | 8½—9% | (9½%) |
| 5. Skuldabr. með ábyrgð eða handveði | 9% | (9½%) |
| 6. Endurkeyptir afurðavíxlar | 5¾—6½% | (7¼%) |

Vaxtakjörum innlánsstofnana við Seðlabankann var einnig breytt frá og með 1. janúar sl. Eru helztu breytingarnar þessar:

Fram að sl. áramótum greiddi Seðlabankinn 7% dagvexti af innstæðum á bankainnlánum (en það eru opnir viðskiptareikningar innlánsstofnana við bankann). Nú greiðir Seðlabankinn vexti af þessum innstæðum í tvennu lagi. Annars vegar 2% á ári sem dagvexti af þeirri meðalinnstæðu á ári hverju, sem er innan við eða jöfn 2% af heildarinnstæðum í ársbyrjun hjá viðkomandi stofnun. Hins vegar greiðir bankinn af þeirri meðalinnstæðu, sem er umfram framangreind 2% af heildarinnstæðu, 7% vexti á ári sem dagvexti.

Aðrir innlánsvextir við bankann af uppsagnarreikningum og reikningum með innstæðubindingarfé lækkuðu um 1%. Eins og kunnugt er, greiðir Seðlabankinn 1% hærri vexti af bindingarfé en hverri innlánsstofnun ber að greiða af innlánsfé hjá sér skv. vaxtaákvörðun Seðlabankans, þó ekki hærri vexti en 8% á ári.

Verulegar breytingar urðu einnig á útlánsvöxtum við Seðlabankann. Endurkaupavextir bankans af afurðavíxlum voru áður 1% lægri en við viðskiptabankana. Þessi vaxtamunur var nú lækkaður í ¾%. Seðlabankinn endurkaupir nú afurðavíxla með veði í útflutningsafurðum með 5% á ári, en

aðra afurðavíxla, þ. e. með veði í vörum, sem fara á innanlandsmarkað, með $5\frac{3}{4}$% vöxtum. Áður voru vextir af þessum víxlum jafnháir, $7\frac{1}{4}$%.

Víxlar gegn verðbréfum eru nú með 9% vöxtum, en voru áður með $9\frac{1}{2}$—10% vöxtum, og af yfirdrætti á bankainnlánum reiknast nú 15% vextir af hæstu skuld á hverjum 10 dögum. Hér er um sektarvexti að ræða af óleyfilegum yfirdrætti, sem myndast aðallega við óhagstæða útkomu stofnunar af daglegum ávísanaskiptum. Áður voru þessir vextir 14% af hæstu skuld á hverju 10 daga tímabili, auk 4% viðbótarvaxta fyrir þá skuld, er stóð lægst óhreyfð í mánuð.

*ÁVÍSANAMÁL OG ÝMIS MÁL VARÐANDI BANKAKERFIÐ.* Seðlabankinn hélt áfram aðgerðum til þess að sporna við misnotkun ávísana. Fóru fram alls fimm skyndikannanir ávísana á árinu, hinn 21. febrúar, 4. júlí, 18. júlí, 24. október og 31. desember. Komu fram við þessar kannanir samtals 622 tékkar, sem ekki reyndist innstæða fyrir, samtals að fjárhæð um 6 millj. kr. Auk skyndikannana fór fram dagleg innheimta í Seðlabankanum á öllum innstæðulausum tékkum, sem bankarnir eignuðust. Reyndust þeir samtals á árinu 5491 og að fjárhæð tæpar 25 millj. kr.

Hinn 6. júlí gaf viðskiptamálaráðherra út sérstaka reglugerð um innheimtuna skv. heimild í áður greindum lögum frá 13. maí 1964. Eru í reglugerðinni ákveðin grunngjöld, sem eru fastagjöld við tékkainnheimtu, frá 250 upp í 1000 kr., en auk þess er tekið sem nemur 10% af fjárhæð tékkans. Verulegur árangur hefur orðið af samstarfi bankanna á þessu sviði, og misnotkun ávísana hefur greinilega minnkað verulega. Það hefur þó engan veginn tekizt að vinna bug á misnotkuninni, og halda aðgerðir bankans áfram á þessu sviði.

Hinn 1. ágúst 1964 tók gildi gjaldskrá um ýmsa þjónustu, sem innlánsstofnanir láta í té í sambandi við innlend viðskipti. Var gjaldskráin samin af sameiginlegri nefnd bankanna, en hún síðan auglýst í nafni Seðlabankans. Felast í henni ýmsar veigamiklar breytingar á gjaldtöxtum bankanna, sem voru orðnir úreltir, miðað við breyttar aðstæður, enda í sumum tilfellum settir fyrir síðustu heimsstyrjöld.

Með nefndum lögum frá 13. maí 1964 var Seðlabankanum falið að fjalla um umsóknir um stofnun útibúa og umboðsskrifstofa innlánsstofnana. Síðan lögin voru sett hefur Seðlabankinn fjallað um eftirfarandi mál, sem hafa verið samþykkt: útibú Landsbankans á Akranesi og í Þorlákshöfn, útibú Búnaðarbankans í Reykjavík í Hótel Sögu og útibú Iðnaðarbankans í Hafnarfirði.

*REIKNINGSHREYFINGAR.* Niðurstöðutala efnahagsreiknings Seðlabankans reyndist vera 4.221,4 millj. kr. í árslok 1964 og hafði hækkað á árinu um 598,8 millj. kr. Árið 1963 hækkaði niðurstöðutalan um 49,5 millj. kr. og árið 1962 um 237,2 millj. kr. Breytingar á eignum Seðlabankans árið 1964 eru að meginhluta fólgnar í auknum erlendum eignum og yfirdrætti ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi, en eignaaukningin var aðallega borin uppi af auknum innstæðum peningastofnana og auknu magni seðla í umferð. Verður hér á eftir gerð nánari grein fyrir helztu

breytingum á efnahagsreikningi bankans á liðnu ári.

Erlendar eignir Seðlabankans jukust á árinu 1964 um 318,8 millj. kr. og námu í árslokin 1.943,3 millj. kr. Er þá meðtalin gulleign bankans og gullframlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Bankinn jók eign sína af erlendum verðbréfum og ríkisvíxlum um 512,6 millj. kr., og nam hún 1.531,0 millj. kr. í árslokin. Verðbréfaeignin skiptist þannig á myntir: 10,9 millj. í dollurum, 8,4 millj. í sterlingspundum, 7,0 millj. í sænskum krónum og 5,0 millj. í þýzkum mörkum. Hins vegar lækkuðu nokkuð inneignir Seðlabankans hjá erlendum bönkum og á vöruskiptareikningum eða samtals um 198,0 millj. kr.

Erlendir skuldaliðir bankans lækkuðu um 7,8 millj. kr. á árinu 1964 og námu í árslokin 266,5 millj. kr. Skuldir við erlenda banka lækkuðu um 25,4 millj. kr., en skuldir á vöruskiptareikningum hækkuðu um 70,4 millj. kr. Erlend lán til langs tíma lækkuðu um samningsbundnar afborganir, alls 53,0 millj. kr., en í ársbyrjun var notaður síðasti hluti láns frá Kreditanstalt für Wiederaufbau að upphæð 0,8 millj. kr. Að frádregnum lánum til langs tíma, alls að upphæð 128,5 millj. kr., en að meðtalinni innstæðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins umfram krónuframlagið til hans, varð nettógjaldeyriseign Seðlabankans í árslok 1964 1.804,6 millj. kr. og hafði aukizt um 274,0 millj. kr. á árinu. Árið 1963 jókst gjaldeyriseignin þannig metin um 152,0 millj. kr. og árið 1962 um 820,7 millj. kr.

Hlaupareikningsskuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana námu 280,3 millj. kr. í lok ársins 1964 og höfðu hækkað mjög verulega frá árslokum 1963 eða um 203,6 millj. kr. Skuldirnar náðu hámarki í júlílok, 384,7 millj. kr., en urðu lægstar í lok febrúar, 111,7 millj. kr. Var nú í fyrsta sinn á fjórum árum skuld á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs við árslok, og nam hún 220,4 millj. kr. Í árslok 1963 var innstæða á þessum reikningi að upphæð 64,7 millj. kr., og hafði staða hans því versnað um 285,1 millj. kr. á árinu 1964. Innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana námu 554,0 millj. kr. í árslok 1964 og höfðu aukizt um 36,6 millj. kr. frá sama tíma 1963. Hlaupareikningsstaða ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann varð því hagstæð í árslok 1964, sem nemur 278,7 millj. kr., en það er 167,0 millj. kr. lakari staða en í árslok árið áður.

Um mótvirðisfé er þess helzt að geta, að mótvirðisinnstæður vegna vörukaupalána í Bandaríkjunum, sem áður voru taldar með liðnum „Aðrir reikningar“ á hlaupareikningum, eru nú færðar undir mótvirðisfé sem sérstakur liður. Þessar innstæður lækkuðu um 25,7 millj. kr. á árinu, en mótvirðisfé á lokuðum reikningi Framkvæmdabankans lækkaði um árlega afborgun að upphæð 3,6 millj. kr.

Verðbréfa- og skuldabréfaeign Seðlabankans jókst um 50,1 millj. kr. á árinu 1964 og nam alls 403,9 millj. kr. í árslokin. Bankinn keypti bankavaxtabréf að upphæð 60,0 millj. kr. af Byggingarsjóði ríkisins og skuldabréf Fiskveiðasjóðs Íslands að upphæð 20,7 millj. kr. vegna kaupa fiskibáta í Austur-Þýzkalandi. Önnur verðbréfakaup komu einkum til vegna lúkningar bindiskyldu ýmissa sparisjóða og innlánsdeilda kaupfélaga.

Skuldir banka og sparisjóða við Seðlabankann námu alls 797,2 millj. kr.

í árslok 1964 og höfðu aukizt um 48,6 millj. kr. á árinu. Reikningsskuldir námu 14,9 millj. kr. á móti 2,0 millj. kr. árið áður, og endurkeyptir víxlar námu 777,0 millj. kr. á móti 746,6 millj. kr. árið áður. Endurkeyptir víxlar vegna sjávarútvegs námu í árslok 397,1 millj. kr. og vegna landbúnaðar 379,9 millj. kr. Lán veitt gegn ríkistryggðum verðbréfum námu 5,3 millj. kr. í árslokin 1964, en engar slíkar skuldir voru útistandandi í árslok 1963.

Innstæður innlánsstofnana hækkuðu á árinu 1964 um 449,0 millj. kr. og námu 1.552,0 millj. kr. í árslok. Hækkunin stafar einkum af auknum innstæðum á bundnum reikningum, en þær námu 1.090,3 millj. kr. í árslokin og höfðu hækkað um 304,7 millj. kr. á árinu. Einnig hækkuðu almennar reikningsinnstæður verulega eða um 139,1 millj. kr. og námu 262,7 millj. kr. í lok ársins. Nettóinneign innlánsstofnana í Seðlabankanum hefur samkvæmt framanskráðu numið 754,8 millj. kr. í árslok 1964, en það er 400,4 millj. kr. hærri nettóinneign en við árslok 1963.

Skuldir fjárfestingarlánastofnana námu alls 376,8 millj. kr. í árslok 1964 og höfðu lækkað um 24,6 millj. kr. á árinu. Skuld Stofnlánadeildar sjávarútvegsins lækkaði um 46,0 millj. kr. á árinu og nam 345,5 millj. kr. í árslok. Hins vegar hækkuðu reikningsskuldir um 10,0 millj. kr. í 20,0 millj. kr., og á árinu var veitt lán gegn ríkistryggðum verðbréfum að upphæð 11,4 millj. kr. Innstæður fjárfestingarlánastofnana námu 104,3 millj. kr. í árslok 1964 og höfðu hækkað um 22,0 millj. kr. á árinu.

Seðlar í umferð hækkuðu um 122,1 millj. kr. á árinu 1964 og námu 776,5 millj. kr. í árslokin. Þessum lið eru gerð sérstök skil á öðrum stað og því ekki getið hér frekar.

*REKSTUR OG HAGUR.* Heildartekjur Seðlabankans á árinu 1964 námu 184,6 millj. kr. á móti 165,1 millj. kr. árið 1963. Vaxtatekjur námu alls 173,4 millj. kr. eða 18,2 millj. kr. hærri upphæð en árið áður. Tekjur af kaupum og sölu gjaldeyris, svo og umboðslaun af erlendum yfirfærslum, námu samtals tæplega 3,8 millj. kr., og var helmingur þeirrar upphæðar greiddur ríkissjóði, svo sem lög mæla fyrir. Aðrar tekjur voru hækkun á bókfærðu verði erlendra verðbréfa, 3,6 millj. kr., og ýmsar tekjur 3,8 millj. kr.

Heildarútgjöld námu nú 184,1 millj. kr. á móti 163,8 millj. kr. árið 1963. Af gjöldunum voru útborgaðir vextir 148,2 millj. kr. eða 18,5 millj. kr. hærri en árið áður. Rekstrarkostnaður árið 1964 varð 16,6 millj. kr. á móti 15,3 millj. kr. árið á undan, en auk þess greiddi bankinn 1,2 millj. kr. til rekstrar Efnahagsstofnunarinnar. Í arðsjóð voru lagðar 5,0 millj. kr., sem er 5% arður af stofnfé bankans. Höfuðstóll arðsjóðs nam í árslokin 10,7 millj. kr., og er sú upphæð meðtalin í hlaupareikningsinnstæðum í liðnum „Aðrir reikningar". Helmingur arðs og hálfir vextir af arðsjóði renna til Vísindasjóðs.

Vextir af eigin sjóðum, alls 8,5 millj. kr., voru lagðir við viðkomandi sjóði, en tekjuafgangur 0,5 millj. kr. var yfirfærður óráðstafaður til næsta árs. Að meðtöldum gengishagnaði að upphæð 1,1 millj. kr., sem lagður var til gengisreiknings, hækkaði eigið fé bankans á árinu 1964 um 10,1 millj. kr. Eigið fé bankans nam þannig alls 256,0 millj.

*7. tafla. Seðlavelta, meðalseðlavelta og seðlavelta að frádregnum seðlasjóði banka og ríkissjóðs.*

| Í millj. kr. | 1963 | | | 1964 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Seðlavelta í mánaðarlok | Seðlavelta að frádr. seðlasjóði banka og ríkissjóðs í mánaðarlok | Meðalseðlavelta í hverjum mánuði | Seðlavelta í mánaðarlok | Seðlavelta að frádr. seðlasjóði banka og ríkissjóðs í mánaðarlok | Meðalseðlavelta í hverjum mánuði |
| Janúar ..... | 540,9 | 516,0 | 560,9 | 617,9 | 586,2 | 631,4 |
| Febrúar .... | 526,2 | 502,5 | 538,9 | 611,4 | 576,9 | 615,2 |
| Marz ........ | 561,4 | 535,2 | 540,5 | 658,3 | 611,6 | 635,1 |
| Apríl ........ | 577,4 | 547,1 | 582,7 | 695,9 | 662,6 | 673,8 |
| Maí ........ | 624,6 | 600,3 | 604,3 | 726,9 | 691,2 | 714,5 |
| Júní ........ | 626,4 | 598,9 | 621,9 | 723,0 | 682,2 | 724,4 |
| Júlí ......... | 626,6 | 594,4 | 635,5 | 776,0 | 735,4 | 752,9 |
| Ágúst ....... | 636,1 | 604,2 | 626,5 | 741,6 | 705,1 | 753,1 |
| September .. | 669,2 | 638,3 | 648,9 | 768,7 | 731,0 | 756,7 |
| Október .. .. | 653,7 | 617,3 | 665,3 | 774,5 | 738,1 | 778,3 |
| Nóvember ... | 646,9 | 613,2 | 646,8 | 767,1 | 732,4 | 771,5 |
| Desember ... | 654,4 | 616,8 | 684,2 | 776,5 | 740,2 | 815,4 |

kr. í árslokin, ef ekki er tekið tillit til gengistapsreiknings frá 1960 að upphæð 33,0 millj. kr.

*SEÐLAVELTA.* Í árslok 1964 voru seðlar í umferð 776,5 millj. kr. og jukust um 122,1 millj. kr. á árinu eða töluvert meira en árið áður, en þá jukust seðlar um 70,6 millj. kr. Á 7. töflu er sýnt mánaðarlegt yfirlit yfir seðlaveltu, meðalseðlaveltu og seðlaveltu að frádregnum seðlum í sjóði hjá bönkum og ríkissjóði árin 1963 og 1964. Á töflunni sést, að seðlaveltan lækkaði fyrstu tvo mánuði ársins 1964, en fór síðan hækkandi, með nokkrum sveiflum þó, allt til áramóta. Lægst varð seðlaveltan 26. febrúar 585,3 millj. kr., en hæst á Þorláksmessu, 23. desember, 844,2 millj. kr. Árið 1963 varð seðlaveltan einnig lægst 26. febrúar, 509,0 millj. kr., en hæst 14. desember, 710,9 millj. kr. Á 8. töflu er sýnd skipting seðlamagnsins á seðlastærðir í árslok 1963 og 1964. Þar sést, að meginhluti seðlamagnsins eru stórir seðlar eða 74,4% í 1.000 kr. seðlum og 20,3% í 500 og 100 kr. seðlum. Fer hlutdeild 1.000 kr. seðilsins í seðlamagninu stöðugt vaxandi. Hvað seðlafjöldann snertir, kemur í ljós, að bæði árin eru 10 kr. seðlar langflestir, næstflestir eru 100 kr. seðlar, þá 5 kr. seðl-

*8. tafla.*
*Skipting seðlamagnsins á seðlastærðir.*

| Seðlastærð | 31. desember 1963 Upphæð í millj. kr. | % | 31. desember 1964 Upphæð í millj. kr. | % |
|---|---|---|---|---|
| 1000 kr. | 455,5 | 69,6 | 577,2 | 74,4 |
| 500 — | 54,7 | 8,4 | 36,9 | 4,8 |
| 100 — | 105,5 | 16,1 | 120,7 | 15,5 |
| 50 — | 1,2 | 0,2 | 1,1 | 0,1 |
| 25 — | 18,1 | 2,8 | 19,5 | 2,5 |
| 10 — | 14,3 | 2,2 | 15,7 | 2,0 |
| 5 — | 5,1 | 0,7 | 5,4 | 0,7 |
| Samtals | 654,4 | 100,0 | 776,5 | 100,0 |

ar, og í fjórða sæti eru 25 kr. seðlar. Að lokum skal þess getið, að hinn 18. júní 1963 var settur í umferð nýr 1.000 kr. seðill, og var það sá fyrsti með nafni Seðlabanka Íslands.

*GENGISSKRÁNING.* Stofngengi íslenzku krónunnar er 43,00 kr. í einum Bandaríkjadollar, en það samsvarar því, að ein íslenzk króna sé jöfn 0,0206668 gr af skíru gulli. Samkvæmt því jafngilda 100 gullkrónur 1.951,09 krónum. Á árinu 1964 var gengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar fast, og var kaupgengið skráð á 42,95 kr. og sölugengi á 43,06 kr. Gengi á öðrum frjálsum gjaldeyri var hins vegar breytilegt eftir gengi viðkomandi gjaldeyris gagnvart dollar. Voru því alltíðar breytingar á skráningu hinna ýmsu mynta á árinu. Á 9. töflu er sýnd gengisskráning Seðlabankans í lok hvers mánaðar á árinu 1964.

*STOFNLÁNADEILD SJÁVARÚTVEGSINS.* Eftirstöðvar A- og B- lánaflokka deildarinnar námu í árslok 24,6 millj. kr. og lækkuðu á árinu um 4,0 millj. kr. Á sama tíma nam skuld deildarinnar við Seðlabankann vegna sömu flokka 32,9 millj. kr. og lækkaði um 17,5 millj. kr. Skuld ríkissjóðs vegna vangreiddra afborgana af stofnlánadeildarlánum nam 2,4 millj. kr., en var 2,9 millj. kr. í árslok 1963. Stofnlánadeildarbréf í umferð vegna A- og B- lána voru 0,1 millj. kr. í árslok.

Engar nýjar lánveitingar áttu sér stað á árinu úr hinum nýrri lánaflokkum deildarinnar (C-, D- og E- flokkum). Eftirstöðvar lána úr þessum flokkum námu í árslok 268,2 millj. kr. og lækkuðu á árinu um 26,2 millj. kr. Skuld við Seðlabankann vegna C-, D- og E- lána nam í árslok 310,2 millj. kr., en var í árslok 1963 338,2 millj. kr.

Tekjuafgangur vegna A- og B- lána varð 0,8 millj. kr. á árinu, en tekjuafgangur vegna C-, D- og E- lána varð 1,0 millj. kr.

Rétt er að geta þess hér, að í janúar 1965 var undirritaður samningur milli Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands um nýja lánaflokka Stofnlánadeildar sjávarútvegsins. Í samningnum er gert ráð fyrir, að það fjármagn frá þessum bönkum, sem nú er bundið í útlánum Stofnlánadeildarinnar, verði að verulegu leyti látið ganga til nýrra lána í þessum lánaflokkum, eftir því sem það losnar. Af því heildarfjármagni, sem um var að ræða, miðað við 1. janúar 1964, lögðu bankarnir fram 100 millj. kr., sem framlagsfé, en 234,8 millj. kr., sem lán til 25 ára. Ákvarðanir um lánveitingar eru í höndum sérstakrar stjórnarnefndar, sem skipuð er fulltrúum bankastjórna ofangreindra þriggja banka.

*BANKAEFTIRLITIÐ.* Eins og kunnugt er, var Seðlabankanum falið með lögum sínum frá 29. marz 1961 að taka við sparisjóðseftirlitinu, sem komið var á fót með lögum um sparisjóði frá 1941. Var það áður á vegum viðskiptamálaráðuneytisins, en heitir nú bankaeftirlit og nær til allra innlánsstofnana. Starf bankaeftirlitsins við Seðlabankann hófst í ársbyrjun 1962 og er einkum fólgið í eftirliti með bókhaldi og rekstrarafkomu innlánsstofnana. Fer það að sjálfsögðu fyrst og fremst fram í stofnununum sjálfum. Eftirlitið hefur nú náð til flestra sparisjóða og innlánsdeilda landsins með góðum árangri, og mun

*9. tafla Gengisskráning*

| | Eining | | Janúar | Febrúar | Marz | Apríl |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Sterlingspund | 1 | Kaup | 120,16 | 120,20 | 120,20 | 120,20 |
| | | Sala | 120,46 | 120,50 | 120,50 | 120,50 |
| Bandaríkjadollar | 1 | Kaup | 42,95 | 42,95 | 42,95 | 42,95 |
| | | Sala | 43,06 | 43,06 | 43,06 | 43,06 |
| Kanadadollar | 1 | Kaup | 39,80 | 39,80 | 39,80 | 39,80 |
| | | Sala | 39,91 | 39,91 | 39,91 | 39,91 |
| Dönsk króna | 100 | Kaup | 621,22 | 621,28 | 622,80 | 622,80 |
| | | Sala | 622,82 | 622,88 | 624,40 | 624,40 |
| Norsk króna | 100 | Kaup | 600,09 | 600,25 | 600,25 | 600,93 |
| | | Sala | 601,63 | 601,79 | 601,79 | 602,47 |
| Sænsk króna | 100 | Kaup | 827,95 | 830,05 | 834,45 | 835,55 |
| | | Sala | 830,10 | 832,20 | 836,60 | 837,70 |
| Finnskt mark | 100 | Kaup | 1.335,72 | 1.338,22 | 1.338,22 | 1.338,22 |
| | | Sala | 1.339,14 | 1.341,64 | 1.341,64 | 1.341,64 |
| Franskur franki | 100 | Kaup | 876,18 | 876,18 | 876,18 | 876,18 |
| | | Sala | 878,42 | 878,42 | 878,42 | 878,42 |
| Belgískur franki | 100 | Kaup | 86,17 | 86,17 | 86,17 | 86,29 |
| | | Sala | 86,39 | 86,39 | 86,39 | 86,51 |
| Svissneskur franki | 100 | Kaup | 995,12 | 992,77 | 992,77 | 994,50 |
| | | Sala | 997,67 | 995,32 | 995,32 | 997,05 |
| Gyllini | 100 | Kaup | 1.191,81 | 1.191,81 | 1.191,81 | 1.189,94 |
| | | Sala | 1.194,87 | 1.194,87 | 1.194,87 | 1.193,00 |
| Tékknesk króna | 100 | Kaup | 596,40 | 596,40 | 596,40 | 596,40 |
| | | Sala | 598,00 | 598,00 | 598,00 | 598,00 |
| V.-þýzkt mark | 100 | Kaup | 1.080,86 | 1.080,86 | 1.080,86 | 1.080,86 |
| | | Sala | 1.083,62 | 1.083,62 | 1.083,62 | 1.083,62 |
| Líra | 1000 | Kaup | 69,08 | 69,08 | 68,80 | 68,80 |
| | | Sala | 69,26 | 69,26 | 68,98 | 68,98 |
| Austurrískur schillingur | 100 | Kaup | 166,18 | 166,18 | 166,18 | 166,18 |
| | | Sala | 166,60 | 166,60 | 166,60 | 166,60 |
| Peseti | 100 | Kaup | 71,60 | 71,60 | 71,60 | 71,60 |
| | | Sala | 71,80 | 71,80 | 71,80 | 71,80 |
| Reikningskróna Vöruskiptalönd | 100 | Kaup | 99,86 | 99,86 | 99,86 | 99,86 |
| | | Sala | 100,14 | 100,14 | 100,14 | 100,14 |
| Reikningspund Vöruskiptalönd | 1 | Kaup | 120,25 | 120,25 | 120,25 | 120,25 |
| | | Sala | 120,55 | 120,55 | 120,55 | 120,55 |

*í lok hvers mánaðar 1964.*

| Maí | Júní | Júlí | Ágúst | September | Október | Nóvember | Desember |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 120,20 | 119,96 | 119,77 | 119,64 | 119,64 | 119,53 | 119,85 | 119,85 |
| 120,50 | 120,26 | 120,07 | 119,94 | 119,94 | 119,83 | 120,15 | 120,15 |
| 42,95 | 42,95 | 42,95 | 42,95 | 42,95 | 42,95 | 42,95 | 42,95 |
| 43,06 | 43,06 | 43,06 | 43,06 | 43,06 | 43,06 | 43,06 | 43,06 |
| 39,80 | 39,71 | 39,71 | 39,82 | 39,91 | 39,91 | 40,00 | 40,00 |
| 39,91 | 39,82 | 39,82 | 39,93 | 40,02 | 40,02 | 40,11 | 40,11 |
| 622,10 | 621,45 | 620,70 | 619,36 | 620,20 | 619,60 | 620,65 | 621,28 |
| 623,70 | 623,05 | 622,30 | 620,96 | 621,80 | 621,20 | 622,25 | 622,88 |
| 600,93 | 600,93 | 600,30 | 599,66 | 599,66 | 599,66 | 599,80 | 600,53 |
| 602,47 | 602,47 | 601,84 | 601,20 | 601,20 | 601,20 | 601,34 | 602,07 |
| 835,55 | 836,40 | 835,30 | 836,25 | 834,52 | 832,00 | 833,95 | 835,70 |
| 837,70 | 838,55 | 837,45 | 838,40 | 836,67 | 834,15 | 836,10 | 837,85 |
| 1.338,22 | 1.335,72 | 1.335,72 | 1.335,72 | 1.335,72 | 1.338,64 | 1.338,64 | 1.338,64 |
| 1.341,64 | 1.339,14 | 1.339,14 | 1.339,14 | 1.339,14 | 1.342,06 | 1.342,06 | 1.342,06 |
| 876,18 | 876,18 | 876,18 | 876,18 | 876,18 | 876,18 | 876,18 | 876,18 |
| 878,42 | 878,42 | 878,42 | 878,42 | 878,42 | 878,42 | 878,42 | 878,42 |
| 86,29 | 86,16 | 86,34 | 86,34 | 86,47 | 86,47 | 86,47 | 86,47 |
| 86,51 | 86,38 | 86,56 | 86,56 | 86,69 | 86,69 | 86,69 | 86,69 |
| 994,50 | 994,50 | 992,95 | 994,50 | 994,50 | 994,50 | 994,50 | 994,50 |
| 997,05 | 997,05 | 995,50 | 997,05 | 997,05 | 997,05 | 997,05 | 997,05 |
| 1.188,30 | 1.186,04 | 1.188,10 | 1.188,10 | 1.191,40 | 1.193,68 | 1.195,54 | 1.195,54 |
| 1.191,36 | 1.189,10 | 1.191,16 | 1.191,16 | 1.194,46 | 1.196,74 | 1.198,60 | 1.198,60 |
| 596,40 | 596,40 | 596,40 | 596,40 | 596,40 | 596,40 | 596,40 | 596,40 |
| 598,00 | 598,00 | 598,00 | 598,00 | 598,00 | 598,00 | 598,00 | 598,00 |
| 1.080,86 | 1.080,86 | 1.080,86 | 1.080,86 | 1.080,86 | 1.080,86 | 1.079,72 | 1.079,72 |
| 1.083,62 | 1.083,62 | 1.083,62 | 1.083,62 | 1.083,62 | 1.083,62 | 1.082,48 | 1.082,48 |
| 68,80 | 68,80 | 68,80 | 68,80 | 68,80 | 68,80 | 68,80 | 68,80 |
| 68,98 | 68,98 | 68,98 | 68,98 | 68,98 | 68,98 | 68,98 | 68,98 |
| 166,18 | 166,18 | 166,46 | 166,46 | 166,46 | 166,46 | 166,46 | 166,46 |
| 166,60 | 166,60 | 166,88 | 166,88 | 166,88 | 166,88 | 166,88 | 166,88 |
| 71,60 | 71,60 | 71,60 | 71,60 | 71,60 | 71,60 | 71,60 | 71,60 |
| 71,80 | 71,80 | 71,80 | 71,80 | 71,80 | 71,80 | 71,80 | 71,80 |
| 99,86 | 99,86 | 99,86 | 99,86 | 99,86 | 99,86 | 99,86 | 99,86 |
| 100,14 | 100,14 | 100,14 | 100,14 | 100,14 | 100,14 | 100,14 | 100,14 |
| 120,25 | 120,25 | 120,25 | 120,25 | 120,25 | 120,25 | 120,25 | 120,25 |
| 120,55 | 120,55 | 120,55 | 120,55 | 120,55 | 120,55 | 120,55 | 120,55 |

bankaeftirlitið að sjálfsögðu fara í allar stofnanir við og við, eftir því sem ástæða er til. Það eftirlit, sem þegar hefur farið fram, hefur borið þann árangur, að bókhald stofnananna er nú yfirleitt í góðu lagi, en bankaeftirlitið hefur í nokkrum tilfellum þurft að leggja fram verulega vinnu við endurskipulagningu þess. Má í því sambandi geta þess, að í reglugerð bankans frá 1962 er bankaeftirlitinu falið að láta innlánsstofnunum, einkum þeim sem eru utan kaupstaða, í té fyrirgreiðslu með leiðsögn í bókhaldi og öðru varðandi skipulag bankastarfsemi. Auk nefndra eftirlitsstarfa sér bankaeftirlitið um skýrslusöfnun frá innlánsstofnunum og annast innköllun fjár samkvæmt reglum bankans um innstæðubindingu.

*RÍKISÁBYRGÐASJÓÐUR.* Eins og getið var í seinustu ársskýrslu, sér Seðlabankinn um starfrækslu Ríkisábyrgðasjóðs samkvæmt samkomulagi, sem gert var við fjármálaráðuneytið 24. september 1962. Sjóðnum, sem stofnaður var með lögum nr. 49/1962, er einkum ætlað tvíþætt hlutverk. Honum er ætlað að hafa milligöngu um veitingu ríkisábyrgða og sjá í því sambandi um ýmsan undirbúning, svo sem um mat á eignum þeirra, sem um ábyrgðir sækja, og athugun á fjárhag þeirra. Jafnframt er honum ætlað að sjá um innlausn krafna, sem á ríkissjóð falla sem ábyrgðaraðila, og sjá um innheimtu slíkra krafna, eldri sem yngri.

Alls voru á árinu 1964 veittar 146 nýjar ríkisábyrgðir, auk ábyrgða á lánum byggingarsamvinnufélaga, en afgreiðsla þeirra er á vegum fjármálaráðuneytisins.

Alls nemur upphæð ábyrgða, sem veittar voru 1964 322 millj. kr. eða 121 millj. kr. meira en árið 1963. Þessar nýju ábyrgðir skiptast þannig, eftir því til hvers lán hafa verið notuð. Til samanburðar eru tölur fyrir árið 1963:

| *Í millj. kr.* | *1963* | *1964* |
|---|---|---|
| Ábyrgðir vegna: | | |
| Hafnargerða ........ | 47 | 47 |
| Vatnsveitna ......... | 5 | 7 |
| Fiskiðnaðar .......... | 25 | 40 |
| Iðnaðar ............. | 3 | 1 |
| Landbúnaðar ........ | 0 | 10 |
| Raforkumála ......... | 5 | 17 |
| Byggingarsamvinnufélaga | 85 | 111 |
| Annarra framkvæmda .. | 31 | 89 |
| Samtals | 201 | 322 |

Af ábyrgðum þeim, er í seinasta flokkinn koma, er meira en helmingur eða 48 millj. kr. vegna smíði Bændahallarinnar, 20 millj. kr. eru vegna kaupa á búnaði og tækjum í 10 fiskibáta, sem í smíðum eru í Austur-Þýzkalandi, og 6 millj. kr. vegna smíði flóabáts fyrir Breiðafjörð.

Ábyrgðir þær, sem nú eru veittar, eru, ef undan eru skildar ábyrgðir á hafnarlánum, eingöngu einfaldar ábyrgðir. Þetta þýðir stórum minni áhættu fyrir ríkissjóð í sambandi við veitingu ábyrgða og ætti þar með að létta mjög greiðslubyrði í framtíðinni.

Er þessa, svo og bættrar aðstöðu til innheimtu, þegar farið að gæta, eins og sést á því, að greiðslur vegna ábyrgðalána og endurlána ríkissjóðs, sem í vanskilum eru, eru þegar farnar að dragast nokkuð saman. Greiðslur þessar hafa verið sem hér segir sl. 3 ár:

| *Í millj. kr.* | *1962* | *1963* | *1964* |
|---|---|---|---|
| Greiðslur vegna: | | | |
| ábyrgðalána í vanskilum | 56 | 65 | 50 |
| endurlána ríkissj. í vanskilum .............. | 73 | 42 | 59 |
| Samtals | 129 | 107 | 109 |

Með greiðslum er þarna átt við nettógreiðslur. Ef bornar eru saman brúttógreiðslur, kemur í ljós, að innleystar kröfur voru svipaðar 1963 og 1962, en hækkuðu nokkuð 1964, en innborganir hafa hins vegar aukizt verulega, eins og sést á yfirliti hér á eftir:

| *Í millj. kr.* | *1962* | *1963* | *1964* |
|---|---|---|---|
| Innleystar kröfur ........ | 140 | 135 | 155 |
| Endurgreiðslur skuldara . | 11 | 28 | 46 |
| Nettó greiðslur .......... | 129 | 107 | 109 |

Þess ber að gæta, að með útgreiðslum eru taldar 8 millj. kr., sem eru vextir, sem Ríkisábyrgðasjóður hefur reiknað sér af skuldum, en eru enn þá óinnborgaðir. Þessar 8 millj. kr. væri því rétt að draga frá nettógreiðslum.

Greiðslur á sl. ári voru, eins og á undanförnum árum, einkum vegna raforkumála, togaraútgerðar og fiskiðnaðar.

Eins og getið var í seinustu ársskýrslu, var Ríkisábyrgðasjóði falið að sjá um afgreiðslu og innheimtu endurlána af framkvæmdaláni ríkissjóðs, sem tekið var í Bretlandi 1962. Afgreiðslu lánanna má nú heita lokið að mestu. Á sl. ári voru afgreidd lán sem hér segir: Til hafnargerða 11 lán, 12 millj. kr., til síldarverksmiðja 5 lán, 7 millj. kr., til fiskvinnslustöðva 13 lán, 11 millj. kr., og til raforkuframkvæmda 2 lán, 14 millj. kr., eða samtals 31 lán að fjárhæð 44 millj. kr. Alls hefur nú verið afgreitt af láni þessu sem hér segir:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Til hafnargerða .... | 29 lán | 50 | millj. | kr. |
| Til síldarverksmiðja | 17 — | 35 | — | — |
| Til fiskvinnslustöðva | 32 — | 24 | — | — |
| Til raforkumála ... | 5 — | 120 | — | — |

# REIKNINGAR
# 1964

| EIGNIR | | | Krónur | aur. |
|---|---|---|---|---|
| Gullforði | | | 43 657 256 | 54 |
| Erlendar eignir: | | | | |
| a) Erlendir bankar o. fl. | kr. | 162.537.903,63 | | |
| b) Erlend verðbréf og ríkisvíxlar | — | 1.530.979.085,06 | | |
| c) Erlendir víxlar | — | 37.235.517,95 | | |
| d) Vöruskiptareikningar | — | 47.993.532,69 | 1 778 746 039 | 33 |
| Kvóti Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum: | | | | |
| a) Gullframlag | kr. | 120.937.500,00 | | |
| b) Krónuframlag | — | 362.812.500,00 | 483 750 000 | 00 |
| Skuldir á hlaupareikningum: | | | | |
| a) Aðalviðskiptareikningur ríkissjóðs | kr. | 220.449.474,07 | | |
| b) Ríkisreikn. (lán v/ skipakaupa, smáíbúðalána o. fl.) | — | 59.881.870,20 | | |
| c) Lán ríkissjóðs vegna Alþjóðabanka | — | 4.747.827,38 | | |
| d) Aðrir reikningar | — | 143.250,24 | 285 222 421 | 89 |
| Verðbréf og skuldabréf: | | | | |
| a) Innlend verðbréf | kr. | 321.757.617,08 | | |
| b) Endurlánað erlent lánsfé | — | 75.757.640,77 | | |
| c) Stóreignaskattsbréf (skv. l. nr. 22/1950) | — | 6.400.716,90 | 403 915 974 | 75 |
| Skuldir peningastofnana: | | | | |
| a) Bankar og sparisjóðir | kr. | 14.885.210,19 | | |
| b) Fjárfestingarlánastofnanir | — | 20.000.000,00 | 34 885 210 | 19 |
| Lán veitt gegn ríkistryggðum verðbréfum: | | | | |
| a) Útvegsbankinn | kr. | 5.294.499,80 | | |
| b) Stofnlánadeild landbúnaðarins | — | 11.353.750,00 | 16 648 249 | 80 |
| Endurkeyptir víxlar: | | | | |
| a) Landsbankinn | kr. | 589.043.800,00 | | |
| b) Útvegsbankinn | — | 121.446.000,00 | | |
| c) Búnaðarbankinn | — | 66.502.000,00 | 776 991 800 | 00 |
| Skuld Stofnlánadeildar sjávarútvegsins: | | | | |
| a) A og B flokkar | kr. | 35.277.095,43 | | |
| b) C, D og E flokkar | — | 310.192.731,26 | 345 469 826 | 69 |
| Gengisreikningur 1960 | | | 33 000 000 | 00 |
| Bankabyggingar með búnaði og aðrar fasteignir | | | 6 000 000 | 00 |
| Ýmsir skuldunautar | | | 2 681 709 | 82 |
| Ógreiddir vextir | | | 9 770 523 | 00 |
| Peningar í sjóði | | | 623 974 | 33 |
| | | Kr. | 4 221 362 986 | 34 |

## Efnahagur 31. desember 1964

| SKULDIR | | Krónur | aur. |
|---|---|---|---|
| Seðlar í umferð | | 776 526 265 | 00 |
| Innstæður peningastofnana: | | | |
| a) Almennar innstæður banka og sparisjóða | kr. 262.727.987,55 | | |
| b) Innstæður fjárfestingarlánastofnana | — 104.285.242,82 | | |
| c) Innstæður á uppsagnarreikningum | — 7.745.025,53 | | |
| d) Bundnar innstæður banka, sparisjóða o. fl. | — 1.090.341.023,51 | | |
| e) Mótvirði stofnlána | — 191.221.818,74 | 1 656 321 098 | 15 |
| Innstæður á hlaupareikningum: | | | |
| a) Ríkisreikningar | kr. 312.388.744,46 | | |
| b) Ríkisstofnanir og sjóðir | — 83.603.328,00 | | |
| c) Ríkisstofnanir, bundnar innstæður | — 158.035.000,00 | | |
| d) Aðrir reikningar | — 23.094.819,31 | 577 121 891 | 77 |
| Mótvirðisfé: | | | |
| a) Lokaður reikningur Framkvæmdabanka | kr. 46.355.668,90 | | |
| b) Mótvirðissjóður 1961 | — 213.580.624,13 | | |
| c) Mótvirði vörukaupalána | — 39.678.830,14 | 299 615 123 | 17 |
| Innstæður Alþjóðagjaldeyrissjóðs | | 363 558 116 | 20 |
| Innstæða Alþjóðabanka | | 4 747 827 | 38 |
| Erlendar skuldir: | | | |
| a) Erlendir bankar o. fl. | kr. 12.228.327,13 | | |
| b) Vöruskiptareikningar | — 125.787.654,09 | 138 015 981 | 22 |
| Erlend lán til langs tíma: | | | |
| a) Skuldir vegna E.P.U. | kr. 52.754.443,95 | | |
| b) Önnur erlend lán | — 75.757.640,77 | 128 512 084 | 72 |
| Ýmsir skuldheimtumenn | | 11 675 619 | 68 |
| Fyrir fram greiddir vextir | | 9 205 737 | 00 |
| Stofnfé | | 100 000 000 | 00 |
| Varasjóður | | 112 300 000 | 00 |
| Gengisreikningur | | 6 235 478 | 82 |
| Húsbyggingarsjóður | | 32 200 000 | 00 |
| Vegna væntanlegrar greiðslu til Eftirlaunasjóðs | | 4 500 000 | 00 |
| Óráðstafaður tekjuafgangur: | | | |
| a) Frá árinu 1963 | kr. 312.231,34 | | |
| b) Samkvæmt rekstrarreikningi 1964 | — 515.531,89 | 827 763 | 23 |
| | Kr. | 4 221 362 986 | 34 |

Reykjavík, 30. janúar 1965.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

*Jóhannes Nordal* *Jón G. Maríasson.*

| GJÖLD | | Krónur | aur. |
|---|---|---|---|
| Vextir af innstæðum á reikningum ........ | kr. 143.533.512,58 | | |
| Vextir af varasjóði ..................... | — 6.300.000,00 | | |
| Vextir af öðrum eigin sjóðum ........... | — 2.214.000,00 | 152 047 512 | 58 |
| Vextir af skuldum erlendis ............................ | | 4 682 020 | 68 |
| Kostnaður við seðla ................................ | | 1 541 174 | 47 |
| Rekstrarkostnaður ................................. | | 16 580 706 | 34 |
| Þátttaka í kostnaði við Efnahagsstofnunina .............. | | 1 200 000 | 00 |
| Til gengisreiknings .................................. | | 1 104 104 | 17 |
| Greitt ríkissjóði skv. l. nr. 4/1960 ...................... | | 1 887 003 | 35 |
| Arður af stofnfé skv. l. nr. 10/1961 ...................... | | 5 000 000 | 00 |
| Rekstrarhagnaður til ráðstöfunar ...................... | | 515 531 | 89 |
| | Kr. | 184 558 053 | 48 |

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans, og er hann í samræmi við þær. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir eru fyrir hendi.

*Egill Símonarson,*
*endurskoðandi,*
*kjörinn af bankaráði.*

*Georg Hansen,*
*forstöðumaður endurskoðunardeildar.*

## Rekstrarreikningur árið 1964

| TEKJUR | Krónur | aur. |
|---|---|---|
| Vextir af endurkeyptum víxlum ........................ | 47 803 167 | 00 |
| Vextir af öðrum innlendum lánum ...................... | 61 471 960 | 57 |
| Vextir af erlendum lánum og verðbréfum ............... | 64 089 257 | 82 |
| Tekjur af kaupum og sölu gjaldeyris .................. | 2 208 208 | 34 |
| Umboðslaun af erlendum yfirfærslum ................... | 1 565 798 | 36 |
| Hækkun á markaðsverði erlendra verðbréfa ............. | 3 586 233 | 40 |
| Ýmsar tekjur ......................................... | 3 833 427 | 99 |
| Kr. | 184 558 053 | 48 |

Reikningurinn staðfestist hér með.

Fyrir hönd bankaráðs

*Birgir Kjaran,*
*formaður.*

Með skírskotun til framangreindra yfirlýsinga endurskoðenda og bankaráðs úrskurðast reikningurinn réttur.

Reykjavík, 29. apríl 1965.

*Gylfi Þ. Gíslason,*
*viðskiptamálaráðherra.*

## Efnahagur Stofnlánadeildar

| EIGNIR | | | Krónur | aur. |
|---|---|---|---|---|
| **Skuldabréf fyrir lánum:** | | | | |
| A-lán | kr. | 23.949.004,00 | | |
| B-lán | — | 672.025,00 | 24 621 029 | 00 |
| C-lán | kr. | 113.833.620,30 | | |
| D-lán | — | 151.837.471,97 | | |
| E-lán | — | 2.562.500,00 | 268 233 592 | 27 |
| **Verðbréf:** | | | | |
| Vegna A- og B-lána | kr. | 9.759.754,26 | | |
| Vegna C-, D- og E-lána | — | 34.029.275,00 | 43 789 029 | 26 |
| **Ýmsir skuldunautar:** | | | | |
| Vegna A- og B-lána | kr. | 2.220.486,41 | | |
| ÷ Afskrifað 31/12 1964 | — | 1.225.897,51 | 994 588 | 90 |
| Vegna C-, D- og E-lána | | | 733 232 | 65 |
| **Ógreiddir vextir:** | | | | |
| Vegna A- og B-lána | kr. | 541.618,00 | | |
| Vegna C-, D- og E-lána | — | 8.865.409,93 | 9 407 027 | 93 |
| | | Kr. | 347 778 500 | 01 |

sjávarútvegsins 31. desember 1964

| SKULDIR | | | Krónur | aur. |
|---|---|---|---|---|
| **Stofnlánadeildarbréf í umferð vegna A- og B-lána:** | | | | |
| 4% bréf til 15 ára 1946 ........ | kr. | 21.000,00 | | |
| 4% bréf til 15 ára 1949 ........ | — | 3.000,00 | | |
| 3% bréf til 5 ára (seld með vöxtum dregnum frá nafnverði) ........ | — | 52.000,00 | 76 000 | 00 |
| **Skuld við Seðlabankann:** | | | | |
| Vegna A- og B-lána ........ | kr. | 32.902.160,43 | | |
| Að viðbættum skuldbindingum ríkissjóðs v/vangreiddra afborgana af A-lánum 31/12 1964 ........ | — | 2.374.935,00 | | |
| | kr. | 35.277.095,43 | | |
| Vegna C-, D- og E-lána ........ | — | 310.192.731,26 | 345 469 826 | 69 |
| **Ýmsir skuldheimtumenn:** | | | | |
| Vegna A- og B-lána ........ | kr. | 150.000,00 | | |
| Vegna C-, D- og E-lána ........ | — | 300.000,00 | 450 000 | 00 |
| Fyrir fram greiddir vextir vegna A- og B-lána ........ | | | 152 761 | 00 |
| Afskriftareikningur vegna C-, D- og E-lána ........ | | | 700 000 | 00 |
| **Höfuðstóll vegna A- og B-lána:** | | | | |
| Frá fyrra ári ........ | kr. | 13.675,62 | | |
| Samkvæmt rekstrarreikningi ........ | — | 773.355,62 | | |
| Yfirfært af afskriftareikningi ........ | — | 700.000,00 | | |
| | kr. | 1.487.031,24 | | |
| ÷ Afskrifað tap á lánum ........ | — | 1.225.897,51 | 261 133 | 73 |
| **Höfuðstóll vegna C-, D- og E-lána:** | | | | |
| Frá fyrra ári ........ | kr. | 399.022,01 | | |
| Samkvæmt rekstrarreikningi ........ | — | 969.756,58 | | |
| | kr. | 1.368.778,59 | | |
| ÷ Yfirfært á afskriftareikning ........ | — | 700.000,00 | 668 778 | 59 |
| | | Kr. | 347 778 500 | 01 |

Reykjavík, 30. janúar 1965.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

*Jóhannes Nordal* *Jón G. Maríasson.*

## Rekstrarreikningur Stofnlánadeildar

| GJÖLD | | | Krónur | aur. |
|---|---|---|---|---|
| **Ógreiddir vextir 1/1 1964:** | | | | |
| Vegna A- og B-lána .............................. | kr. | 647.603,00 | | |
| Vegna C-, D- og E-lána .......................... | — | 8.450.951,00 | 9 098 554 | 00 |
| **Greiddir vextir á árinu:** | | | | |
| Vegna A- og B-lána .............................. | kr. | 4.553,00 | | |
| Vegna C-, D- og E-lána .......................... | — | 12.113,00 | 16 666 | 00 |
| **Vextir af skuld við Seðlabankann:** | | | | |
| Vegna A- og B-lána .............................. | kr. | 961.568,00 | | |
| Vegna C-, D- og E-lána .......................... | — | 20.186.637,00 | 21 148 205 | 00 |
| **Kostnaður við rekstur:** | | | | |
| Vegna A- og B-lána .............................. | kr. | 203.551,80 | | |
| Vegna C-, D- og E-lána .......................... | — | 414.411,60 | 617 963 | 40 |
| **Tekjuafgangur:** | | | | |
| Vegna A- og B-lána .............................. | kr. | 773.355,62 | | |
| Vegna C-, D- og E-lána .......................... | — | 969.756,58 | 1 743 112 | 20 |
| | | Kr. | 32 624 500 | 60 |

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við hann að athuga.

*Egill Símonarson,*
*endurskoðandi,*
*kjörinn af bankaráði.*

*Georg Hansen,*
*forstöðumaður endurskoðunardeildar.*

| TEKJUR | | | Krónur | aur. |
|---|---|---|---|---|
| Fyrir fram greiddir vextir 1/1 1964 vegna A- og B-lána .... | | | 157 380 | 00 |
| Innborgaðir vextir vegna A- og B-lána .... | kr. | 2.043.444,42 | | |
| Ógreiddir vextir 31/12 1964 .............. | — | 541.618,00 | | |
| | kr. | 2.585.062,42 | | |
| ÷Fyrir fram greiddir vextir 31/12 1964 .... | — | 152.761,00 | 2 432 301 | 42 |
| Innborgaðir vextir vegna C-, D- og E-lána .. | kr. | 21.166.859,25 | | |
| Ógreiddir vextir 31/12 1964 .............. | — | 8.865.409,93 | 30 032 269 | 18 |
| Ýmsar tekjur: | | | | |
| Vegna A- og B-lána .............................. | kr. | 950,00 | | |
| Vegna C-, D- og E-lána .......................... | — | 1.600,00 | 2 550 | 00 |
| | | Kr. | 32 624 500 | 60 |

Reikningurinn staðfestist hér með.

Fyrir hönd bankaráðs

*Birgir Kjaran,*
*formaður.*

Með skírskotun til framanskráðra yfirlýsinga endurskoðenda og bankaráðs úrskurðast reikningurinn réttur.

Reykjavík, 29. apríl 1965.

*Gylfi Þ. Gíslason,*
*viðskiptamálaráðherra.*

# 1964

## SEÐLABANKI ÍSLANDS

### BANKASTJÓRN

JÓHANNES NORDAL, formaður
JÓN G. MARÍASSON
VILHJÁLMUR ÞÓR[1])

1) Vilhjálmur Þór lét af störfum sem bankastjóri 31. október 1964. Bankastjóri hefur ekki verið skipaður í sæti hans.

# BANKARÁÐ

BIRGIR KJARAN, hagfræðingur, formaður
EMIL JÓNSSON, ráðherra, varaformaður
INGI R. HELGASON, hæstaréttarlögmaður
ÓLAFUR BJÖRNSSON, prófessor
ÓLAFUR JÓHANNESSON, prófessor

Nýtt bankaráð tók sæti 1. janúar 1965. Ólafur Jóhannesson, prófessor, fór þá úr bankaráðinu, en Sigurjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri, var kjörinn í hans stað. Varabankaráðsmaðurinn Þorvarður Jón Júlíusson sat nokkra fundi bankaráðsins á árinu.

## Helztu starfsmenn

## SEÐLABANKA ÍSLANDS

31. desember 1964

| | |
|---|---|
| Skrifstofustjóri .......................... | Björn Tryggvason |
| Aðalféhirðir ............................ | Þorvarður Þorvarðsson |
| Forstöðumaður endurskoðunardeildar og bankaeftirlits ........................ | Georg Hansen |
| Hagfræðingur .......................... | Sigurgeir Jónsson |
| Lögfræðingur Stofnlánadeildar ........ | Björn Ólafs |
| Aðalbókari .............................. | Jóhann T. Ingjaldsson |

DEILDARSTJÓRAR OG FULLTRÚAR

| | |
|---|---|
| Aðalfjárhirzla .......................... | Stefán G. Þórarinsson |
| Aðalskrifstofa .......................... | Sigurður Örn Einarsson |
| Afgreiðsla .............................. | Sighvatur Jónasson |
| Ávísanaskipti ........................... | Steindór Hjörleifsson |
| Endurkaupadeild ....................... | Stefán B. Stefánsson |
| Endurskoðunardeild ................... | Pétur Urbancic |
| Fjármálatíðindi ........................ | Valdimar Kristinsson |
| Gjaldeyriseftirlit ........................ | Sigurður Jóhannesson |
| | Þór Halldórsson |
| Greiðslujafnaðardeild .................. | Ólafur Tómasson |
| | Ólafur S. Valdimarsson |
| Ríkisábyrgðasjóður — bókari ........... | Harald Andrésson |
| — lögfræðingur ..... | Heimir Hannesson |
| Seðlagreining .......................... | Torfi Ólafsson |

LEIÐRÉTTINGAR:

| | |
|---|---|
| Bls. 11 | I. dálkur, 5. lína að neðan:<br>í stað 707 komi 710 millj. kr. |
| | I. dálkur, 2. lína að neðan:<br>í stað 715 komi 760 millj. kr. |